



LANDSSAMTÖK  
LÍFEYRISSJÓÐA



STARFSSKÝRSLA 2019–20

# Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns .....	3
Stjórn og starfsfólk .....	8
Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða .....	10
Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða 2019 .....	11
50 ára afmæli skylduaðildar að lífeyrissjóðum á almennum vinnumarkaði .....	15
Yfirlit yfir starfsemi LL frá aðalfundi 2019 .....	19
Starfsnefndir Landssamtaka lífeyrissjóða .....	24
– Áhættunefnd .....	24
– Nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða .....	26
– Réttindanefnd .....	28
– Samskiptanefnd .....	34
– Fræðslunefnd .....	37
Staðan og framtíðarsýn á lífeyrismálin .....	43
Erlent samstarf .....	44
Fundir, ráðstefnur, námskeið og fleira .....	46
Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða .....	48
Ársreikningur 2019 .....	49
– Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	50
– Áritun óháðs endurskoðanda .....	51
– Rekstrarreikningur .....	53
– Efnahagsreikningur .....	54
– Sjóðstreymisyfirlit .....	55
– Skýringar .....	56





## Ávarp stjórnarformanns

**Við venjulegar aðstæður hefði ég hér strax í upphafi fagnað því að árið 2019 var eitt mesta og besta ávöxtunarár eigna lífeyrissjóða sem um getur og farið fleiri orðum um afkomuna og ástæður þess að okkur farnaðist vel efnahagslega. Aðstæðurnar eru hins vegar ekkert venjulegar eftir veiruinrás í Ísland fyrir á árinu og fátt í tilverunni er eins og hefði verið að óbreyttu. Það á líka við um ávarp í tilefni ársfundar.**

Veirufaraldurinn sem kenndur er við COVID 19 færði margt úr skorðum í samfélaginu svo mánuðum skiptir og setti mark sitt á flest sem nöfnum tjáir að nefna, ekki síst samskipti fólks af öllu tagi og þar með starfsemi lífeyrissjóða.

Sjóðirnir sinna samt hlutverki sínu sem fyrr. Þeir stóðu af sér bankahrunið 2008 og þeir munu standa af sér veiruna skæðu. Hver hefði samt trúað því fyrir á þessu ári að skrifstofum lífeyrissjóða yrði lokað og starfsmenn þeirra sætu við tölvuskjái heima hjá sér og þjónuðu sjóðfélögum með samskiptum í tölvum og símtækjum?

Stjórnnum, stjórnendum og starfsfólki lífeyrissjóða tókst á undraskjótan hátt að laga starfsemina að þeim ósköpum sem á okkur dundu, eins vel og framast var unnt. Viðbrögðin, útsjónarsemina við erfiðar aðstæður og dugnaðinn ber að þakka.

Veirunni tókst að hægja eitthvað á starfsemi sjóðanna þegar verst lét en kerfið bognaði ekki, hvað þá brotnaði.

Mörgum í lífeyrissjóðakerfinu er efnahagshrunið 2008 í fersku minni. Þá þurfti kerfið að þola þung efnahagsleg högg og bognaði ögn en brotnaði aldrei. Engar vísbendingar eru um annað en að lífeyrissjóðakerfið standist líka efnahagslegt áfall af völdum COVID 19. Við getum einnig þakkað fyrir að heilbrigðiskerfið okkar hafi staðist mikla áraun af völdum veirunnar.

Efnahagskreppan nú er reyndar allt annars eðlis en sú sem bankahrunið leiddi af sér. Nú hefur vággestur sest að í öllum löndum og vandamálið því hnattrænt. Ég verð þó að játa að það er erfitt að hugsa til þess að nú séu á sjötta tug þúsunda manna án atvinnu að hluta til eða öllu leyti og án efa margir í þeim hópi sem eru að upplifa atvinnu- og tekjumissi í annað sinn á aðeins rúmum tíu árum. Það er mikið áfall fyrir samfélagið og þar með einnig lífeyrissjóði landsmanna. Jafnframt fæst staðfest enn og aftur að lífeyrissjóðakerfið er öryggisnet sem landsmenn eiga og gagnast þeim vel á tímum áfalla og erfiðleika í samfélaginu. Við skulum því enn og aftur þakka þeim framsýnu forystumönnum atvinnurekenda og launafólks sem lögðu grunn að lífeyriskerfinu á sínum tíma. Það var aldeilis ekki alltaf bjart yfir íslensku atvinnu- og

efnahagslífi þegar lífeyrissjóðir voru stofnaðir fyrir á öldinni sem leið og við minntumst þess einmitt á síðastliðnu ári að 50 ár voru liðin frá því skylduaðild að lífeyrissjóðum á almennum vinnumarkaði var samþykkt í kjarasamningum. Það gerðist í djúpri efnahagskreppu með tilheyrandi fjöldaatvinnuleysi og landflóttu.

Horft var til lífeyrissjóðanna eftir bankahrunið 2008 og horft er líka til lífeyrissjóðanna nú. Eðlilega. Atburðarásin hófst þannig:

- 16. mars. Stjórnvöld boðuðu fulltrúa Landssamtaka lífeyrissjóða til fyrsta fundar um kórónuveiruna til að ræða hvernig hægt væri að aðstoða fyrirtæki í rekstrarerfiðleikum og um mögulega útgreiðslu séreignarsparnaðar.
- 17. mars. Framkvæmdastjórar lífeyrissjóðanna áttu fund með seðlabankastjóra og í framhaldinu hvöttu Landssamtök lífeyrissjóða til þess að lífeyrissjóðir héldu að sér höndum við gjaldeyriskaup næsta ársfjórðunginn og sýndu samfélagslega ábyrgð við fjárfestingar.
- 21. mars. Sameiginleg yfirlýsing ríkisstjórnarinnar, Landssamtaka lífeyrissjóða og Samtaka fjármálafyrirtækja um greiðslufresti lána og útgreiðslu séreignarsparnaðar.
- 22. mars. Samkomulag lífeyrissjóða og fjármálastofnana um tímabundna greiðslufresti til handa fyrirtækjum í erfiðleikum og á grundvelli þess reglur um úrræði til að létta undir með sjóðfélögum í greiðsluferfiðleikum

og um tímabundna heimild til að taka út séreignarsparnað.

Þetta eru í stuttu máli neyðarráðstafanir sem lífeyrissjóðirnir samþykktu að taka þátt í þegar veirukreppan skall á og svipti tugi þúsunda manna verkefnum, vinnutekjum og sjálfum störfum sínum á fáeinum sólarhringum. Slíkt getur ekki kallast annað en neyðarástand sem engu öðru er líkt fyrir og síðar. Viðbrögðin og ráðstafanir sem gripið er til nú eru af einstæðu og áður óþekktu umfangi héraendis og um allar álfur.

Lífeyrissjóðirnir héldu ekki að sér höndum eftir bankahrunið forðum. Því fór fjarri. Sextán sjóðir stofnuðu til að mynda Framtakssjóð Íslands í desember 2009 til að fjárfesta í íslensku atvinnulífi og taka þátt í uppbyggingunni. Landsbankinn og VÍS bættust síðar við í hluthafahópinn. Sjóðurinn fjárfesti í öllum atvinnugreinum landsmanna og endurreisti fyrirtæki í fjárhags- og rekstrarvanda. Vegferð Framtakssjóðsins var árangursrík og merkileg. Sjóðnum var ætlað að gegna hlutverki sínu á tiltölulega skömmum tíma og snemma árs 2018 var tilkynnt um að undirbúningur væri hafinn að því að leggja hann niður. Hlutverki Framtakssjóðsins var lokið.

Ástæða er til að rifja þetta upp nú þegar fjöldi fyrirtækja á í miklum og alvarlegum erfiðleikum. Eiga lífeyrissjóðir að hafa sig hæga á hliðarlínunni? Nei og það gera þeir heldur ekki! Eðlilegt er að margir horfi til sjóðanna þegar haft er í huga að

í ranni þeirra er ávaxtaður stór hluti sparnaðar landsmanna, um fimm þúsund milljarðar króna. Lífeyrissjóðir hafa ríka hagsmuni af því að koma atvinnulífinu í gang á nýjan leik en þeir mega samt ekki hvika frá þeirri hugsun að meginhlutverk þeirra er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga sem best til efri ára.

Saga Framtakssjóðs Íslands sýnir einmitt og sannar að vel og farsælega getur farið saman að ávaxta eignir lífeyrissjóða og stuðla að verðmætasköpun í atvinnulífinu með fjárfestingum. Mikilvægara er samt en nokkru sinni fyrir að vanda til verka við fjárfestingar, greina kosti í stöðunni, meta áhættu og mögulegan ávinning fyrir samfélagið, sjóðina og sjóðfélagana. Höfum í huga að ein röksemd fyrir því að setja lífeyriskerfið á laggir á sínum tíma var að stuðla að öflugum og traustum atvinnu- og efnahagslífi og stöðugleika til lengri tíma litið. Það á enn við.

Á ársfundi Landssamtaka lífeyrissjóða í fyrra var þess sérstaklega minnst að fjármagnshöft, sem stjórnvöld settu á eftir bankahrunið, hefðu verið afnumin 2017 og að árið 2018 væri fyrsta heila almanaks- og starfsárið eftir að höftunum var aflétt. Það var baráttumál lífeyrissjóða að fá fjármagnshöftum aflétt og við það batnaði líka fjárfestingarumhverfi sjóðanna verulega. Mögulegt varð að flytja stærri hluta eigna lífeyrissjóðakerfisins úr landi, ávaxta í öðrum hagkerfum og dreifa þannig áhættu í starfseminni.

Nú eru nær 40% heildareigna lífeyrissjóðakerfisins ávöxtuð erlendis og þannig dreifum við áhættu

líkt og til stóð og þörf krafðist. Rétt er líka að nefna í framhjálaupi að þessir fjármunir íslenskra sjóðfélaga eru ávaxtaðir í atvinnulífi í öðrum ríkjum eða öðrum heimshlutum. Sama á því við um erlendar fjárfestingar og þær innlendu. Þær styrkja fyrirtæki eða innviði samfélagsins en skapa um leið arð sem sjóðfélagar njóta góðs af.


Ávöxtun ársins 2019 hjá lífeyrissjóðunum var 11,6% og munaði þar mest um gott gengi erlendra fjárfestinga. Góð ávöxtun var á erlendum eignum auk þess sem krónan veiktist lítillega sem stuðlaði að því að eignir jukust í krónum talið. Ávöxtun á innlendum eignum var einnig ágæt á árinu.

Álitlegt er fyrir lífeyrissjóði að taka frekari þátt í viðhaldi samfélagsinnviða héraendis og að byggja upp nýja innviði ef jafnframt næst að ávaxta fjármuni sjóðanna á viðunandi hátt. Verkefnið skortir ekki. Mér segir líka hugur um að mun fleiri möguleikar skapist til fjárfestingar í nýsköpun af ýmsu tagi en við sjáum fyrir nú.

Eftir efnahagshrunið 2008 gerjuðust nýjar hugmyndir sem mörgum hverjum var hrint í framkvæmd og úr varð nýsköpun í atvinnulífinu. Sama mun gerast nú. Ástandið kallar á að „hugsa út fyrir kassann“ og feta ótroðnar slóðir.

Tækifæri til nýsköpunar geta verið víða, sum eru sjáanleg en önnur ekki. Árangur íslenskrar heilbrigðisþjónustu í baráttu við veiruna gæti til að mynda orðið til þess að skapa nýjar víddir,


## ÁRLEG RAUNÁVÖXTUN LÍFEYRISSJÓÐA<sup>1</sup>



1. Áætluð ávöxtun fyrir árið 2019

Heimild: Fjármálaeftirlitið

## RAUNÁVÖXTUN LÍFEYRISSJÓÐA<sup>1</sup> – 5 OG 10 ÁRA MEÐALTAL



1. Fyrir árið 2019 er notast við áætlaða ársávöxtun upp á 11,6%.

Heimild: Fjármálaeftirlitið

nýja starfsemi og ný störf. Þar er vísað bæði til árangurs opinbera geirans og einkarekinna fyrirtækja á heilbrigðisviði. Hróður íslensks heilbrigðiskerfis hefur borist vítt um veröldina og kannski orðið samfélaginu til meiri framdráttar en við höfum forsendur til að ímynda okkur nú.

Starfsemi Landssamtaka lífeyrissjóða var blómleg og árangursrík á liðnu ári. Þar bar hæst að við minntumst þess að 50 ár voru liðin frá því að forystumenn heildarsamtaka launafólks og atvinnurekenda sömdu um skylduaðild að lífeyrissjóðum almenna vinnumarkaðarins. Skylduaðildin var risaskref, djarft og stórt.

Þessa var minnst á samkomum Landssamtakanna í Reykjavík og á Akureyri sem tókust afar vel.

Þetta var líka afmælisár Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. LSR, elsti lífeyrissjóður landsmanna, fagnaði aldarafmæli sínu seint í nóvember.

Afmælissamkomurnar urðu tilefni umfjöllunar í fjölmiðlum og þar við bættist að margir þættir lífeyrismála urðu sýnilegri í hefðbundnum fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum með markvissu starfi á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða. Þar má nefna myndefni til fræðslu fyrir fólk á öllum aldri á íslensku, ensku og pólsku sem aðgengilegt er á vefnum Lífeyrismál.is og á Facebook og Instagram.

Ritstjórnarteymi sér um að búa til áhugavert efni fyrir vefinn og stuðla að skrifum í dagblöðin.

Vefurinn Lífeyrismál.is er móðurskip upplýsingamiðlunarinnar og stöðugt er unnið að því að styrkja þessa grunnstoð upplýsingamiðlunar Landssamtakanna með fræðsluefni af ýmsu tagi, upplýsingum um til dæmis ávöxtun samtryggingardeilda og séreignarsjóða, fréttum og viðtölum.

Í deiglu er að stækka upplýsingasvið Lífeyrissjóðarinnar og síðast en ekki síst nefni ég að Landssamtökin ætla að leggja verulega aukna áherslu á að safna margvíslegum talnagögnum sem varða lífeyrissjóðakerfið, setja í aðgengilegt form og miðla eftir atvikum. Ráðinn hefur verið reynsluríkur sérfræðingur á þessu sviði á skrifstofu Landssamtakanna, Ásta Ásgeirsdóttir. Hún er stærðfræðingur og hagfræðingur að mennt og starfaði áður fyrir lífeyrissjóði í Danmörku og í fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun reiknikerfa fyrir lífeyrissjóði þar í landi.

Þá er vert að nefna nýtt verkefni Landssamtakanna, Lífeyrisvit, sem hleypt verður af stokkum í haust. Fyrirkomulag og starfsemi verkefnisins verður í anda Fjármálavits. Fyrirtækjum verður boðin endurgjaldslaus fræðsla um lífeyrismál og gert er ráð fyrir því að starfsmenn lífeyrissjóða og Landssamtakanna annast kynningu og svari spurningum. Landssamtökin annast skipulag og umsýslu.

Þegar á heildina er lítið á sér stað mikið, verðmætt og blómlegt starf hvert sem lítið er í Landssamtökum lífeyrissjóða.

Alþingismenn þreytast seint á að segja almennungi að lítið sé að marka það sem hann sjái á sjónvarpsskjánum dagsdaglega. Starfið eigi sér aðallega stað í nefndum Alþingis og þar gerist hlutirnir hvort sem margir stólar séu auðir í sjálfum þingsalnum eða ekki.

Sama má segja um Landssamtök lífeyrissjóða. Þar eru starfandi fastanefndir sem koma oft saman og starfa mikið og vel. Um einstök verkefni eru á stundum myndaðir vinnuhópar. Þetta er drifkraftur starfseminnar sem er lítt sýnilegur utan frá, ekki frekar en nefndastörf löggjafarsamkomunnar.

Vel á minnst, Alþingi.

Í samráðsgátt stjórnvalda voru birt drög að frumvarpi til breytinga á lífeyrissjóðalöggjöfni. Þar er kveðið á um umtalsverðar breytingar sem mælast misjafnlega fyrir eins og gengur. Margar umsagnir hafa borist, þar á meðal frá Landssamtökum lífeyrissjóða. Samtökin fylgjast grannt með gangi mála og leggja megináherslu á að staðið verði að endurskoðun lífeyrissjóðalöggjafarinnar með vandaðri vinnu, viðtæku samráði og sátt.

Lífeyrissjóðakerfið er mikilvægt, öflugt og skilvirkt en á því eru agnár sem ættu að vera

viðfangsefni endurskoðunar laga og umbóta í lífeyriskerfinu í heild:

1. Allt of langt er gengið í því að skerða réttindi í almannatryggingum vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum. Fjalla verður um þetta samspil lífeyrissjóða og almannatrygginga.
2. Öðru vísi er farið með lífeyrisgreiðslur úr samtryggingu en úr séreign þótt réttindin eigi rót sína að rekja til skylduiðgjalds. Greiðslur úr séreignarsjóðum skerða ekki greiðslur almanna-trygginga og slíkt skapar eðlilega ónægju þeirra sem greiða allt skylduiðgjaldið í samtryggingu.
3. Örorkugreiðslur hafa aukist og koma misjafnlega niður á sjóðum. Í núverandi kerfi er innbyggt ójafnvægi sem fjalla þarf um og finna þarf lausn

á til frambúðar. Þar kemur til álita að aðgreina örorkutrygginguna innan núverandi kerfis eða hafa sameiginlega örorkusjóði.

Þetta má nefna sem dæmi um mál sem áriðandi er að ræða og takast á við til að gera gott lífeyrissjóðakerfi enn betra, lífeyriskerfi sem horft er til sem fyrirmyndar víða að úr veröldinni. Það sætir tíðindum því við höfum löngum stundum búið við illt og óverðskuldað umtal um lífeyrissjóðina okkar í opinberri umræðu.

Kannski er mikið til í málshættinum góða sem á rætur í sjálfu Lúkasar guðspjalli að enginn er spámaður í sínu föðurlandi. Þó skal jafnframt tekið fram, svo allrar sanngirni sé nú gætt, að þjóðmálaumræðan um lífeyrissjóðina hefur verið öllu hófstílltari og málefnalegri allra síðustu

misserin en við höfum átt að venjast. Það er allavega tilfinning mín.

Ég kys að leita skýringanna í meiri, fjölbreyttari, markvissari og aðgengilegri upplýsingamiðlun um lífeyriskerfið en áður. Snertifletir lífeyrisjóðakerfisins við sjóðfélaga og landsmenn á öllum aldri eru margfalt fleiri en áður og þá vísa ég til samfélagsmiðlanna.

Ég þakka meðstjórnarmönnum mínum, starfsfólki Landssamtaka lífeyrissjóða, nefndarmönnum, öðrum starfsmönnum lífeyrissjóða og öllum öðrum þátttakendum í starfseminni fyrir gott og gæfuríkt samstarf á árinu 2019.

**Guðrún Hafsteinsdóttir**



# Stjórn og starfsfólk

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða er skipuð níu aðalmönnum og þremur varamönnum. Kjörtímabil er þrjú ár og skal árlega kjósa þriðjung stjórnarmanna og einn varamann.

**Þrír aðalmenn voru kjörnir í stjórn LL til þriggja ára:**

Guðrún Hafsteinsdóttir  
Haukur Hafsteinsson

(Harpa Jónsdóttir kom inn í stað Hauks á aukaaðalfundi 22. október)

Ingibjörg Ólafsdóttir

**Aðrir stjórnarmenn:**

Arnaldur Loftsson  
Erla Jónsdóttir  
Gylfi Jónasson  
Halldóra Káradóttir  
Jakob Tryggvason  
Valmundur Valmundsson

**Varamaður til þriggja ára:**

Hulda Rós Rúriksdóttir

**Aðrir varamenn:**

Erla Ósk Ásgeirsdóttir  
Sigurbjörn Sigurbjörnsson

Haukur Hafsteinsson lét af stjórnarstörfum fyrir LL að eigin ósk eftir að hann lét af störfum sem framkvæmdastjóri LSR. Því var haldinn



Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður, Gylfi Jónasson, varaformaður, Arnaldur Loftsson, Erla Jónsdóttir, Halldóra Káradóttir, Harpa Jónsdóttir, Ingibjörg Ólafsdóttir, Jakob Tryggvason, Valmundur Valmundsson.  
Varastjórn: Erla Ósk Ásgeirsdóttir, Hulda Rós Rúriksdóttir og Sigurbjörn Sigurbjörnsson



aukaaðalfundur 22. október og kom fram tillaga um að Harpa Jónsdóttir frá LSR tæki sæti Hauks í stjórninni. Ekki komu fram aðrar tillögur og var Harpa sjálfkjörin.

Framkvæmdastjóri er Þórey S. Þórðardóttir. Aðrir starfsmenn eru Ásta Ásgeirsdóttir sérfræðingur, Rakel Fleckenstein Björnsdóttir verkefnastjóri og Stefán Halldórsson sem hefur um árabíl komið að ýmsum sérfræðistörfum fyrir samtökin. Ásta Ásgeirsdóttir kom til starfa sem sérfræðingur hjá LL 1. febrúar 2020. Hún nam stærðfræði og hagfræði við Háskóla Íslands og er með meistaragráðu í hagfræði frá Árósháskóla í Danmörku. Ásta starfaði lengi í dönskum lífeyrissjóðum og að þróun reiknikerfa fyrir þá.

Líkt og undanfarin ár hafa LL átt gott samstarf við Greiðslustofu lífeyrissjóða sem annast ýmis almenn skrifstofustörf fyrir samtökin.

**Starfsmenn Greiðslustofu lífeyrissjóða eru:**  
Matthildur Hermannsdóttir framkvæmdastjóri,  
Jóhanna Ólafsdóttir, Sara Jóna Stefánsdóttir og  
Jófríður Ósk Hilmarsdóttir.




**Þórey S. Þórðardóttir framkvæmdastjóri LL, Rakel Fleckenstein Björnsdóttir verkefnastjóri hjá LL, Stefán Halldórsson sérfræðingur hjá LL og Ásta Ásgeirsdóttir sérfræðingur hjá LL**

# Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða

## Í 4. gr. samþykktu LL er hlutverk samtakanna tilgreint sem hér segir:

- Gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga þeirra lífeyrissjóða sem aðild eiga að samtökunum.
- Vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum sem varða heildarhagsmuni þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiri háttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmuni aðildarsjóðanna.
- Hafa frumkvæði í almennri umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri ímynd þeirra.
- Vinna að útgáfu- og fræðslumálum lífeyrissjóða, svo sem með námskeiðum og fræðslufundum, skýrslugerð og annarri þjónustu við lífeyrissjóði og sjóðfélaga.
- Stuðla að hagræðingu og þróun í starfi aðildarsjóðanna.
- Fylgjast með þróun lífeyrismála erlendis og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi lífeyrissjóðasamtaka.
- Vinna að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði innan samtakanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna, enda standi slík starfsemi fjárhagslega undir sér og sé samrýmanleg markmiðum þeirra og tilgangi.


## EIGNIR LÍFEYRISSJÓÐA Í MILLJÖRÐUM KRÓNA<sup>1</sup>



1. Eignir lífeyrissjóða, raunvirtar á verðlagi des. 2019.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

## HLUTFALL ERLENDRA EIGNA



Heimild: Seðlabanki Íslands

# Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða 2019

Landssamtök lífeyrissjóða héldu aðalfund í Norðurljóssal Hörpu 28. maí 2019. Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður samtakanna, setti fundinn. Hrafn Magnússon var kjörinn fundarstjóri og Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, verkefnastjóri LL, kjörin fundarritari. Strax í kjölfar fundarins hófst svo afmælisfagnaður þar sem haldið var upp á 50 ára afmæli skylduaðildar að lífeyrissjóðum á almennum vinnumarkaði. Dagskrá afmælisfagnaðarins var endurflutt í Hofi á Akureyri 30. maí.

## Skýrsla stjórnar

„Starfsár stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða hefur verið gott og mikill einhugur og samtakamáttur ríkt í öllum störfum stjórnar og undirnefnda,“ sagði Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, meðal annars í ræðu sinni. Hún greindi frá því að stjórnin hefði lagt línur varðandi starfsemi vetrarins á vinnufundi um haustið og fengið þangað góða gesti, Vilhjálm Birgisson og Þóroð Snæ Júlíusson. Þeir hafi fjallað um lífeyriskerfið í heild sinni og bæði hafi verið fróðlegt og áhugavert að heyra sjónarmið þeirra.

Hún sagði starfsmenn landssamtakanna hafa verið öflugra að kynna lífeyriskerfið á mörgum fjölsóttum og málefnalegum fundum: „Vert er að gera meira af þessu í framtíðinni og er það skoðun mín að við náum



Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar LL.

bestum árangri með því að fara út á meðal fólks og bjóða því til skrafs.“

Guðrún sagði verkefnið Fjármálavit hafa gengið afskaplega vel og þakkaði starfsmönnum lífeyrissjóða fyrir að leggja því verkefni lið.

„Á síðasta ári var nokkur umræða um rekstur

sjóðanna, sérstaklega í kjölfar umfjöllunar RÚV í þætti Kveiks þar sem dreginn var upp mjög einhliða samanburður á rekstri lífeyrissjóða á Íslandi og lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna í Nevada, af öllum stöðum!“ Fram kom í máli Guðrúnar að stjórn landssamtakanna hafi verið óhress með efnistökin starfsmanna RÚV og sendi framkvæmdastjóri LL



**GESTIR Á AÐALFUNDI 2019**



**Matthildur Hermannsdóttir, Bjarney Sigurðardóttir, Haukur Jónsson og Ólafur K. Ólafs.**



**Ágústa H. Gísladóttir, Svandís Ríkharðsdóttir og Pálína Margrét Hafsteinsdóttir.**



**Haukur Hafsteinsson, Rebekka Ólafsdóttir og Sigurbjörn Sigurbjörnsson.**



**Margrét Kristinsdóttir, Þórhallur Jóseppson, Valgarður I. Sverrisson, Guðmundur Þór Þórhallsson.**



RÚV athugasemdir af því tilefni. „Landssamtökin brugðust við með margvíslegum hætti og vöktu athygli á að þarna var samanburður álíka og ef við myndum bera saman epli og ástarpunga!“

Guðrún sagði lífeyrissjóðkerfið vel rekið, skilvirkt og hagkvæmt. Lífeyrissjóðir hafi um árabíl verið allt of margir og veikburða en þeim hafi fækkað verulega án lagaboðs eða þvingana af neinu tagi. Tíu stærstu lífeyrissjóðirnir ávaxti hátt í 90% af eignum lífeyrissjóðakerfins, 21 lífeyrissjóður sé skráður en nokkrir þeirra vistaðir hjá öðrum lífeyrissjóðum eða bönkum. Kerfið sjálf hafi leitað eftir að hagræða í eigin ranni sem sé góð þróun sem sjái ekki fyrir enda á.

„Hvað ávöxtun varðar var síðasta ár ekki eins gjöfult fyrir sjóðina og vonir stóðu til. Hlutabréfamarkaðir voru í ólgusjó enda óvissa á mörkuðum meiri en oft áður. Sviptingar voru á íslenska hlutabréfamarkaðnum og óvissa á vinnumarkaði dró úr tiltrú. En þrátt fyrir að til að mynda gengi Ícelandair hafi lækkað verulega þá kann það ekki góðri lukku að stýra að mæla árangur lífeyrissjóðs á einu ári heldur er ávöxtun til langs tíma það sem öllu máli skiptir. Árangur lífeyriskerfis ber að mæla í árum og jafnvel áratugum en ekki dögum, vikum eða mánuðum.“

Fram kom að lífeyrissjóðir hafi aukið fjárfestingar sínar erlendis eftir að fjármagnshöftum var að fullu aflétt. Það sé skynsamleg þróun þegar horft sé til áhættudreifingar og ávöxtunar. Fjárfestingar innanlands séu af skornum skammti og því beri að

fagna að fjármagn geti á nýjan leik runnið inn og út úr landinu. Það sé umhverfi sem lífeyrissjóðir þurfi og vilji starfa í.

„Já, Ísland er lítið og fámennit land og verkefni okkar sem þjóðar eru krefjandi. Okkur hefur tekist á rúmri öld að skapa hér líf skjör sem eru með þeim bestu á byggðu bóli. Það hefur íslensku þjóðinni tekist með samtakamætti, þrautseigju og dugnaði.“

En síðustu misseri hafa verið blikur á lofti. Frá efna-hagshruninu hafa innviðir landsins verið sveltir af fjármagni. Fyrir rúmu ári áætlaðu Samtök iðnaðarins að hér þyrftu að koma til hátt í fjögur hundruð milljarðar til viðhalds innviða. Það er fyrir utan nýframkvæmdir.

Ég hef talað fyrir því áður og vil draga það fram hér í dag að ríkissjóður einn og sér getur ekki farið í öll þessi verkefni. Mörg og mikil tækifæri eru fyrir íslenska lífeyrissjóði að koma að uppbyggingu innviða hér á landi. Til að nefna eitthvað gætu lífeyrissjóðir landsmanna komið að samgönguverkefnum, fjárfestingu í flugvöllum, höfnum, orkuframleiðslu og orkuflutningum auk fasteigna hins opinbera.

Erlendis hefur verkefnum innviðafjárfestingar fjölgað hjá lífeyrissjóðum og sjóðir verið stofnaðir gagngert um slíkar fjárfestingar. Á vettvangi evrópskra lífeyrissjóða er um fátt meira rætt um þessar mundir. Lífeyrissjóðir landsins hafa í gegnum áratugina fjármagnað uppbyggingu innviða hér á landi með kaupum á ríkisskuldabréfum sem hafa fjármagnað

ýmsa innviði, með kaupum á skuldabréfum sem fjármagna íbúðarhúsnæði landsmanna og skulda-bréfum sveitarfélaga sem fjármagna fasteignir þeirra og aðra innviði.“

Guðrúnu varð tíðrætt um harkalega og ómaklega gagnrýni sem lífeyrissjóðakerfið sætir oft í opinberri umræðu. Engu sé líkara en að sumir líti á það sem þjóðariþrótt að rakka niður kerfið og finna því flest til foráttu.

„Ég tek til dæmis eftir því að hart hefur verið vegið að þessu kerfi okkar úr röðum verkalýðsforystunnar í landinu og það þykir mér miður. Heggur þar sá er hlífa skyldi. Lífeyrissjóðakerfið er ekki gallalaust en við eigum að vinna sameiginlega með ábyrgum hætti að því að bæta það og styrkja í því hlutverki sínu að greiða sjóðfélögum lífeyri til framtíðar.“

Þegar ég heyri lífeyriskerfið gagnrýnt verður mér stundum hugsað til setningar úr búddisma. Búdda sagði nefnilega: Líkt og kletturinn lætur vindinn ekki á sig fá, lætur greint fólk hrós og skammir ekki á sig fá.“

Guðrún nefndi að framtíðarsýn skorti fyrir lífeyriskerfið. „Það hefur orðið mikil breyting á kerfinu með samræmingu og jöfnun á milli opinbera og almenna kerfisins. Okkur er tíðrætt um tekjutengingar. Erum við að leggja of mikinn sparnað til hliðar til efri árana?“ Hún sagði stjórn landssamtakanna kalla eftir samræðsvettvangi lífeyriskerfisins við atvinnurekendur, félög launafólks og hið opinbera um framtíðarskipan kerfisins. Lífeyrissjóðalögin

hafi bein áhrif á mun stærri hóp en áður og að spurningar vakni um hvort rétt sé að skapa grundvöll fyrir samráðsvettvang þar sem fleiri komi að breytingum sem varða lífeyriskerfi landsmanna en verið hefur.

Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið kom út á árinu. Þar segir að óumdeilt sé hversu mikilvægir lífeyrissjóðir séu á íslenskum fjármála-markaði. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um heildarendurskoðun á lífeyrissjóðakerfinu og í lífskjarasamningunum eru ýmis atriði sem varða þróun lífeyrismála: „*Hér er mikilvægt að vel og skipulega verði staðið að verki enda varða lífeyrismálin alla landsmenn.*“

Meðal helstu verkefna á starfsárinu nefndi hún auknar áherslur í samskiptamálum, aukna upplýsinga- og kynningarstarfsemi, öfluga fræðslu í skólum og til almennings, áherslu á örugg gagnasamskipti, aukið gagnsæi og þróun á samspili lífeyriskerfisins við almannatryggingar. Landsamtökin hafi á árinu gert sig sýnilegri með aukinni áherslu á samfélagsmiðla og hafi til dæmis gengið til samstarfs við Góa sportrönd sem fór á stúfana og spurði ungt fólk um þekkingu þess á lífeyrissjóðum. Útkoman var áhugaverð og ljóst að þar er stór akur óplægður.

### Ársreikningur 2018

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, fór yfir helstu niðurstöður ársreiknings 2018 og breytingar frá fyrra ári. Rekstrartekjur ársins voru 120 milljónir

króna og rekstrargjöld 118,5 milljónir króna. Hagnaður varð því af starfseminni.

### Kjör stjórnar og varastjórnar

Þrír aðalmenn voru kjörnir í stjórn LL til þriggja ára: Guðrún Hafsteinsdóttir

Haukur Hafsteinsson

Ingibjörg Ólafsdóttir

Varamaður til þriggja ára:

Hulda Rós Rúriksdóttir

### Kjör endurskoðenda

Samþykkt að KPMG ehf. yrði áfram endurskoðandi LL.

### Ákvörðun þóknunar stjórnar og nefndarmanna

Tillaga um þóknun stjórnar var samþykkt samhljóða. Þóknun hvers stjórnarmanns verði 92 þúsund krónur á mánuði, þóknun varaformanns stjórnar 138 þúsund krónur á mánuði og þóknun formanns stjórnar 184 þúsund krónur á mánuði. Þóknun varamanna í stjórn verði 46 þúsund krónur fyrir hvern setinn fund.

Einnig var samþykkt samhljóða að formenn fasta-nefnda samtakanna fái greidda þóknun sem þeir væru almennir stjórnarmenn, 92 þúsund krónur á mánuði.

### Fjárhagsáætlun fyrir árið 2019

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætlun ársins 2019. Þar var rekstrarkostnaður áætlaður 150,8 milljónir króna. Þar fellur til kostnaður vegna

afmælishátíðarinnar í Hörpu og Hofi og aukin áhersla í fræðslu- og kynningarmálum.

### Ákvörðun um árgjald

Samþykkt var með öllum atkvæðum nema einu breyting á árgjaldi LL fyrir árið 2019. Árgjaldið verði 120 milljónir króna, þar af fast gjald á hvern aðildarsjóð 300 þúsund krónur. Árgjaldið er ákveðið til samræmis við samþykktu fjárhagsáætlun, annars vegar fast gjald og hins vegar breytilegt gjald sem tekur mið af hundraðshluta heildareigna sjóðanna í samtryggingu og séreign samkvæmt síðustu birtu ársreikningaskrá Fjármálaeftirlitsins.

### Önnur mál

Stefán Halldórsson kynnti drög að nýrri vefsíðu á vefnum *Lífeyrismál.is* sem sýnir ávöxtunartölur samtryggingardeilda lífeyrissjóða.

Strax að fundinum loknum var gengið til góðvinafundar til að minnst 50 ára afmælis skyldu-aðildar að lífeyrissjóðum á almennum vinnu-markaði „með þakklæti og gleði í hjarta“ eins og formaðurinn komst að orði. Það var í kjarasamningum árið 1969 sem forsvarsmenn launafólks og atvinnurekenda komu sér saman um stofnun lífeyrissjóðakerfis sem næði til alls vinnumarkaðarins. Áður voru lífeyrissjóðir aðallega ætlaðir opinberum starfsmönnum sem skapaði hróplegt misræmi milli starfsmanna hins opinbera og almenna kerfisins.

# 50 ára afmæli skylduaðildar að lífeyrissjóðum

**Landssamtök lífeyrissjóða minntust hálfra aldar afmælis skylduaðildar að lífeyrissjóðum á almennum vinnumarkaði á hátíðarsamkomum í Hörpu 28. maí og í Hofi á Akureyri 30. maí.**

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra ávarpaði gesti í Hörpu og Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar LL, flutti hátíðarræðu.

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri, flutti ávarp í Hofi og Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, flutti hátíðarræðu.

Ný heimildamynd, Lífeyrissjóðaöldin 1919–2019, var sýnd á báðum stöðum. Hún var gerð á vegum LL með tæknilegri aðstoð sjónvarpsstöðvarinnar Hringbrautar. Þar er stiklað á stóru í lífeyrissjóðasögunni á 35 mínútum. Handritshöfundur og verkefnisstjóri af hálfu LL var Atli Rúnar Halldórsson blaðamaður. Í ráðgjafarhópi vegna verkefnisins voru Arnar Sigurmundsson, Hrafn Magnússon, Þorbjörn Guðmundsson, Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir og Þórey S. Þórðardóttir.

Leikararnir og tónlistarmennirnir Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Valur Freyr Einarsson og Jón Ólafsson stjórnðu samkomunum í Hörpu og Hofi og fluttu tónlistarvörður frá ýmsum tímabilum í lífeyrissjóðasögunni.

Fyrsta desember var frumsýndur á Hringbraut



Frá afmælishátíðinni í Hörpu.

viðtalsþátturinn Lífeyrissjóðir í 50 ár, samvinnuverkefni LL og sjónvarpsstöðvarinnar. Verkefnisstjóri var Sigmundur Ernir Rúnarsson dagskrárgerðarmaður.

Fjölmenni sótti viðburðina í Reykjavík og á Akureyri og afmælishaldið þótti heppnast eins vel og til var stofnað.





**Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, ávarpar gesti í Hörpu.**



**Hrafn Magnússon, fv. framkvæmdastj. LL og Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL.**



**Gestir í Hörpu.**







**Guðrún Hafsteinsdóttir og Þórey S. Þórðardóttir.**



**Jóhanna Vigdís og Valur Freyr í Hofi.**



**Sigurður Flosason og Gunnar Gunnarsson skemmtu gestum í Hörpu.**



**Þórey S. Þórðardóttir og Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri.**





**Gestir á afmælishátíð í Hörpu.**



# Yfirlit yfir starfsemi LL frá aðalfundi 2019

**Fyrsti fundur nýrrar stjórnar var haldinn strax í kjölfar aðalfundar 28. maí 2019. Á fundinum skipti stjórnin með sér verkum og var Guðrún Hafsteinsdóttir endurkjörin formaður. Þetta er annað árið sem hún gegnir formennskunni. Gylfi Jónasson var kjörinn varaformaður.**

Starfsemi landssamtakanna er afar fjölbreytt. Þau beita sér í málum sem varða lífeyrissjóðakerfið í heild sinni og skila umsögnum um margvísleg mál til þingnefnda, ráðuneyta og Seðlabankans. Þeim berast einnig margvísleg erindi og til þeirra er leitað eftir umsögnum og samráði um málefni sem eru til umfjöllunar á hverjum tíma og varða lífeyrissjóði.

Samtökunum berast fyrirspurnir frá starfsfólki lífeyrissjóða og almennar fyrirspurnir í gegnum vefinn Lífeyrismál.is. Starfsfólk LL leggur sig fram um að leiðbeina eftir bestu getu eða finna þeim erindum sem berast réttan farveg. Fjöldi almennra fyrirspurna fær faglega úrlausn og afgreiðslu starfsfólks Greiðslustofu lífeyrissjóða.

Strax á vormánuðum fór stjórn samtakanna yfir megináherslur starfseminnar á starfsárinu. Vinnu- og stefnumótunarfundur stjórnar var boðaður 22. ágúst til að móta stefnuna og fela fastanefndum verkefni eftir atvikum. Þangað mættu, auk stjórnar LL og starfsmanna, formenn fastanefnda LL, framkvæmdastjórar sjóðanna og Tómas N. Möller,



Frá vinnu- og stefnumótunarfundi stjórnar LL: Stefán Halldórsson, Þórey S. Þórðardóttir og Vilhjálmur Egilsson.

fulltrúi LL hjá PensionsEurope. Umræðustjóri var Vilhjálmur Egilsson. Framsögumenn á fundinum voru Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja, Friðjón R. Friðjónsson, framkvæmdastjóri KOM, og Þóra Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Maskínu. Niðurstöður fundarins voru hafðar til hliðsjónar við skipulagningu og mótun stefnu LL fyrir starfsárið og var vinna fastanefnda mörkuð til samræmis.

Í samþykktum LL er gert ráð fyrir fimm fastanefndum sem stjórn skipar til eins árs í senn. Eins og fyrri ár er unnið að tilheyrandi verkefnum í þessum nefndum eða sérstökum vinnuhópum sem falið er að annast ákveðin afmörkuð verkefni. Til starfa í nefndum og vinnuhópum veljast stjórnarmenn og starfsmenn lífeyrissjóða auk þess sem leitað er til utanaðkomandi sérfræðinga. Meðal helstu verkefna má nefna auknar

áherslur í samskipta- og fræðslumálum, aukna upplýsingamiðlun, samspil lífeyriskerfisins við almannatryggingar, ýmis málefni sjóðanna á borð við örugg gagnasamskipti, auknar áherslur í persónuvernd og málefni sem snúa að fjárfestingarumhverfinu og áhættustýringu.

Á árinu hefur mikil áhersla verið lögð á framleiðslu myndefnis í fræðsluskyni fyrir alla aldurshópa og á þremur tungumálum, íslensku, ensku og pólsku. Efnið er aðgengilegt á vefnum Lífeyrismál.is og hefur verið nýtt á samfélagsmiðlunum Facebook og Instagram og einnig til kennslu. Samtökin nýta sér samfélagsmiðla í auknum mæli og fylgja þeim rúmlega 2.600 manns á Facebook. Öflugt ritstjórnarteymi sér til þess að alltaf sé nýtt og áhugavert efni á Lífeyrismál.is og fjöldi áhugaverðra greina eftir starfsfólk sjóðanna hefur birst þar.

Samtökin stóðu fyrir fjölda funda, ráðstefna og fræðsluerinda á árinu og voru allir viðburðir á vegum þeirra vel sóttir.

Nú stendur yfir vinna í fjármála- og efnahagsráðuneytinu við heildarendurskoðun á lífeyrissjóðalögunum og leggja samtökin á það ríka áherslu að þau eigi fulltrúa við borðið hverju sinni.

Mikið hefur verið rætt um mótun framtíðarstefnu fyrir lífeyrissjóðina. Til stendur að setja saman 4-5 manna hóp sérfræðinga sem myndi útfæra þetta nánar og svo í framhaldinu halda fyrirlestraröð eða ráðstefnu þar sem hugmyndirnar yrðu kynntar.



**Gerður Guðjónsdóttir, Ágústa H. Gísladóttir og Þóra Jónsdóttir.**



**Jóhann Steinar Jóhannsson, Arnaldur Loftsson, Þröstur Sigurðsson, Valmundur Valmundsson og Ingibjörg Ólafsdóttir.**





**Dátttakendur á vinnu- og stefnumótunarfundi.**

## Faraldur kórónuveirunnar

Heimfaraldur kórónuveirunnar í byrjun árs 2020 setti Íslenskt samfélag á hliðina. Faraldurinn hafði mikil áhrif á starfsemi lífeyrissjóða líkt og annarra stofnana samfélagsins. Strax 16. mars voru fulltrúar LL boðaðir til fundar í fjármála- og efnahagsráðuneytinu til að ræða tillögur stjórnvalda um hvernig hægt væri að koma til móts við fyrirtæki í rekstrerfiðleikum og um mögulega útgreiðslu séreignarsparnaðar. Stjórn LL tilnefndi Ólaf Sigurðsson, framkvæmdastjóra Birtu lífeyrissjóðs og formann nefndar LL um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða, Agna Ásgeirsson, forstöðumann áhættustýringar hjá LSR og formann áhættunefndar LL, og Tómas Möller, yfirlögfræðing hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna og nefndarmann í nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða, fulltrúa sína í þessa vinnu ásamt framkvæmdastjóra LL. Daginn eftir funduðu framkvæmdastjórar lífeyrissjóða með seðlabankastjóra og í kjölfarið var gefin út yfirlýsing þar sem LL hvöttu lífeyrissjóði til að sýna ríka samfélagslega ábyrgð við fjárfestingar og viðbrögð í samfélaginu á óvissutímum.

Viðskiptaafgangur undanfarinna ára á Íslandi veitti lífeyrissjóðum svigrúm til þess að fjárfesta erlendis og dreifa áhættu í eignasafni sínu en í ljósi þess að útflutningstekjur landsins myndu dragast verulega saman tímabundið var talið rétt að hvetja til ábyrgðar með því til dæmis að halda að sér höndum í gjaldþyriskaupum á næstu

þremur mánuðum. Þannig gætu sjóðirnir lagt sitt af mörkum til að styðja við íslenskt samfélag og stuðla að stöðugleika þegar gæfi á báttinn.

Tæpri viku síðar, 21. mars, sendu ríkisstjórn Íslands, Landssamtök lífeyrissjóða og Samtök fjármálaafyrirtækja frá sér yfirlýsingu um þá stöðu sem þá var komin upp og til hvaða viðbragða skyldi grípa í því skyni að milda áhrif faraldursins á heimili og fyrirtæki í landinu. Að lífeyrissjóðum sneru annars vegar samræmd viðmið LL og SFF um greiðslufresti á lánum til að styðja við heimili sem áttu við greiðsluvanda að stríða og hins vegar útgreiðsla viðbótarlífeyrissparnaðar.

Daginn eftir, 22. mars, birtist samkomulag lánveitenda um tímabundna greiðslufresti til fyrirtækja. Að því stóðu lífeyrissjóðir, Arion banki, Íslandsbanki, Landsbankinn, Kvika, Lykill, sparisjóðirnir, ÍV sjóðir og Bygðastofnun.

Í samræmi við samkomulagið settu lífeyrissjóðir sér reglur um úrræði til að koma til móts við sjóðfélaga í tímabundnum greiðsluörðugleikum og heimilað var að greiða út viðbótarlífeyrissparnað.

Alþingi samþykkti 30. mars aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar („bandorm“, þ.e. frumvarp til breytinga á mörgum lögum). Þar á meðal var tímabundin heimild til útgreiðslu á viðbótarlífeyrissparnaði. Heimildin gildir frá og með apríl 2020 til 1. janúar 2021. Hámarksúttekt fyrir einstakling er 12 milljónir kr. og hámarksgreiðsla á mánuði

800.000 kr. Útgreiðslutímabil er að hámarki 15 mánuðir og tekjuskattur er innheimtur af úttekt.

Í bandorminum var einnig að finna bráðabirgða-ákvæði við lífeyrissjóðalögin sem heimilar lífeyrissjóðum að innheimta lægri vanskilavexti en auglýsta dráttarvexti Seðlabanka Íslands vegna vangaldinna iðgjalda. Til að fara yfir verklag sjóðanna við ákvörðun vaxta og almenna framkvæmd var settur saman vinnuhópur sem tók saman helstu lög og reglur um innheimtu iðgjalda hjá sjóðunum. Í hópnum voru, auk framkvæmdastjóra LL:

Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi-lífeyrissjóði  
Kristján Geir Pétursson, Birtu lífeyrissjóði  
Ólafur Páll Gunnarsson, Íslenska lífeyrissjóðnum og Lífeyrissjóði tannlækna  
Sigurbjörn Sigurbjörnsson, SL lífeyrissjóði  
Tómas N. Möller, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR

Vegna samkomubanns fóru fundir nefnda LL meira og minna fram í fjarfundabúnaði í mars, apríl og maí.

Til stóð að halda ráðstefnu í lok apríl og fá til landsins Keith Ambachtsheer, kanadískan/hollenskan sérfræðing í lífeyrismálum. Vegna kórónaveirufaraldurs varð ekki af því.



### Fundir stjórnar LL með framkvæmdastjórum

Stjórn LL fundar reglulega með framkvæmdastjórum sjóða innan vébanda samtakanna. Í ár voru

tveir slíkir fundir, sá fyrri 27. september þar sem greint var frá helstu áherslum í starfi samtakanna á árinu og sá síðari 30. janúar þar sem farið var

yfir stöðu mála sem varða sjóðina alla og kerfið í heild sinni. Fundina sátu framkvæmdastjórar allra lífeyrissjóða eða staðgenglar þeirra.



Frá vinstri: Tryggvi Tryggvason, Borghildur Jónsdóttir, Erla Jónsdóttir, Ingibjörg Ólafsdóttir, Sigurbjörn Sigurbjörnsson, Árni Guðmundsson, Arnaldur Loftsson, Valmundur Valmundsson, Þóra Jónsdóttir, Gerður Guðjónsdóttir, Ólafur Páll Gunnarsson, Jón L. Árnason, Gylfi Jónasson, Guðmundur Þór Þórhallsson, Snædís Ögn Flosadóttir, Guðrún Hafsteinsdóttir, Þórey S. Þórðardóttir og Harpa Jónsdóttir.



# Starfsnefndir Landssamtaka lífeyrissjóða

## ÁHÆTTUNEFND

Áhættunefndin var formlega stofnuð í júní 2018 og tók við af áhættustýringarhópi sem hafði fundað u.þ.b. tvisvar á ári frá haustinu 2014. Nefndin hélt átta fundi á starfsárinu.

### Hlutverk nefndarinnar

- Koma faglegum sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri í tengslum við breytingar á lögum og reglum er varða eftirlitskerfi vegna áhættu lífeyrissjóða.
- Skipuleggja málstofur, námskeið og fræðslu.

### Sérstök verkefni 2019–2020

- Fylgjast með reynslu af innleiðingu reglugerðar 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.
- Rýna framkvæmd er við kemur úttekt á tryggingarfræðilegri stöðu lífeyrissjóða og stuðla að því að námskeið verði haldið um tryggingafræðilega stöðu, væntanlega í samstarfi við FÍT.
- Fylgja eftir innleiðingu á breyttum reglum er varða peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Öllum sem sinna áhættueftirliti innan sjóðanna er velkomið að taka þátt í störfum nefndarinnar. Á þessu starfsári sátu eftirtalin fundi nefndarinnar:

Agni Ásgeirsson formaður, LSR  
Árni Grétarsson, Lífsverki

Borghildur Jónsdóttir, Lífeyrissjóði bænda  
Eyrún Einarsdóttir, Birtu lífeyrissjóði  
Guðmundur Stefán Steindórsson, SL lífeyrissjóði  
Halldór Emil Sigtryggsson, Lífeyrissjóði bankamanna  
Haukur Jónsson, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja  
Hólmfríður Kristjánsdóttir, Íslenska lífeyrissjóðnum og LTFÍ  
Ingi Kristinn Pálsson, Brú lífeyrissjóði  
Magnús Helgason, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Ottó Hólm Reynisson, Stapa lífeyrissjóði og LSA  
Rebekka Ólafsdóttir, Gildi-lífeyrissjóði  
Sigurður Örn Karlsson, Almenna lífeyrissjóðnum  
Valgeir Geirsson, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, Lífeyrissjóði Rangæinga og LSBÍ  
Þráinn Guðbjörnsson, Festu lífeyrissjóði

### Áhættustýring og áhættumat

Áhættustýring hefur alltaf verið hluti af starfsemi lífeyrissjóða en starfið er orðið mun viðameira en áður. Stærstu sjóðirnir eru með sérstaka áhættustjóra sem sinna málaflöknum og öflugu innra eftirliti er sinnt hjá öllum sjóðum. Lífeyrissjóðum ber að framkvæma árlega eigið áhættumat þar sem horft er til helstu áhættuþátta sem greindir hafa verið í starfseminni, möguleg áhrif þeirra metin og

greint frá þeim aðgerðum sem grípa skal til ef áhætta raungerist.

### Áhættustýring sjóðanna

Eins og fram kom hér að ofan geta allir sjóðir átt fulltrúa í áhættunefndinni. Nefndin er vettvangur fyrir skoðanaskipti og veitir tækifæri til að fá innsýn í hvernig áhættustýringu er hagað hjá lífeyrissjóðum. Í vetur hafa fulltrúar nefndarinnar kynnt framkvæmd áhættustýringar hjá sínum sjóðum.

### Peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Nefndin hefur haft á sínu borði málefni sem tengjast löggjöf um peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka en ný heildarlöggjöf á þessu sviði tók gildi 1. janúar 2019. Ísland komst í október á gráan lista FATF yfir ríki þar sem varnir gegn peningþvætti eru taldar ófullnægjandi. Unnið er að því að bæta þar úr. Málefni tengd hryðjuverkum og peningþvætti hafa verið á borðum bæði réttindanefndar og áhættunefndar en eru nú einvörðungu hjá áhættunefndinni. Allir sjóðir vinna að áhættumati vegna mögulegs peningþvættis og fjármögnunar hryðjuverka í starfsemi sinni. Liður í því er að gera áhættuskrár þar sem möguleg áhætta er metin og skráð.

Á vegum nefndarinnar hafa verið ræddar lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga sem búsettir eru erlendis. Framkvæmdin er ólík hjá sjóðunum þar sem sumir greiða aðeins inn á íslenska reikninga en aðrir annast

greiðslur á erlenda reikninga. Málið er nú til athugunar hjá réttindanefndinni.

### **Önnur mál**

Sjóðirnir hafa hver um sig kynnt í vetur skipulag áhættustýringar hjá sér, 2–3 sjóðir á hverjum fundi. Mjög gagnlegt er að kynnast því hvernig þeir hafa útfært áhættustýringu sína. Í apríl var líka sérstakur fundur þar sem áhættustjórar ræddu og báru saman viðbrögð sjóðanna vegna veirufaraldursins.

## NEFND UM FJÁRFESTINGARUMHVERFI LÍFEYRISSJÓÐA

### Helstu verkefni

- Koma faglegum sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri í tengslum við breytingar á lögum og reglum er varða fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða.
- Skipuleggja málstofur, námskeið og fræðslu.

### Sérstök verkefni 2019–2020

- Fylgja eftir innleiðingu á reglugerð um form og efni fjárfestingarstefnu, úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og fleira.
- Skipuleggja fræðslu og/eða eftir atvikum málþing um málefni er varða starfssvið nefndarinnar.
- Fylgja eftir vinnu við söfnun orðskýringa er varða ábyrgar fjárfestingar í samstarfi við IcelandSIF

### Nefndina skipa:

Ólafur Sigurðsson formaður, Birtu lífeyrissjóði  
Björn Hjaltsted Gunnarsson, LSR  
Davíð Rúdólfsson, Gildi-lífeyrissjóði  
Elísabet Þórey Þórisdóttir, LSR  
Haraldur Yngvi Pétursson, Frjálsa lífeyrissjóðnum,  
EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga  
Helga Indriðadóttir, Almenna lífeyrissjóðnum  
Jóhann Steinar Jóhannsson, Stapa lífeyrissjóði  
Jón L. Árnason, Lífsverki  
Jón Otti Jónsson, SL lífeyrissjóði  
Soffía Gunnarsdóttir, Birtu lífeyrissjóði  
Svandís Rún Ríkharðsdóttir, Brú lífeyrissjóði  
Tómas N. Möller, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða hélt níu fundi á árinu.

Á fundum nefndarinnar eru rædd ýmis mál sem upp geta komið hjá sjóðunum í tengslum við fjárfestingarumhverfi þeirra. Nefndin rýnir lagafrumvörp sem varða málaflokkinn og semur í mörgum tilvikum drög að umsögn.

Nefndin kemur að skipulagningu málþinga og ráðstefna og skipulagði meðal annars ráðstefnuna Stefnur og straumar í nóvember. Hún var mjög vel sótt. Þar var fjallað um áskoranir í fjárfestingarstarfsemi lífeyrissjóða í tengslum við ábyrgar fjárfestingar, áhættustýringu og auknar kröfur varðandi eigendahlutverk lífeyrissjóða og stofnana-fjárfesta almennt. Tómas N. Möller, Lífeyrissjóði verzlunarmanna, var meðal frummælenda. Formaður nefndarinnar, Ólafur Sigurðsson, Birtu lífeyrissjóði, var í hópi frummælenda á fundi Fjármálaeftirlitsins um ábyrgar fjárfestingar 29. október.

Á árinu var hafist handa við mótun vinnu- og samkeppnisreglna fyrir nefndina. Sú vinna hefur tafist sökum kórónuveirufaraldursins en ætlunin var að kynna reglurnar á stjórnarfundi í apríl.

### IcelandSIF

Lífeyrissjóðir eru aðilar að IcelandSIF, samtökum um ábyrgar fjárfestingar á Íslandi sem stofnuð voru árið 2018. IcelandSIF er óháður vettvangur fyrir

umræðu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Tilgangur samtakanna er að efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábygrra fjárfestinga og auka umræðu og fræðslu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar.

Starf IcelandSIF hefur verið mjög öflugt á árinu og hafa lífeyrissjóðirnir, sem eiga tvo fulltrúa í stjórn samtakanna, tekið virkan þátt í því. IcelandSIF stóðu fyrir fjölda funda og ráðstefna á árinu, þar á meðal ráðstefnu um virkt eignarhald á Íslandi þar sem Davíð Rúdólfsson, Gildi-lífeyrissjóði, var meðal frummælenda.

### Tilskipun um leiðbeinandi reglur um góða stjórnarhætti

Yfirferð 6. tilskipunar um leiðbeinandi reglur um góða stjórnarhætti, sem mögulega verður innleidd á Íslandi, hefur staðið yfir. Nefndin hefur haft tilskipunina til skoðunar á fundum sínum undanfarið.

### BREXIT

Nefndin hefur haft á sínu borði málefni sem tengjast lífeyrissjóðum og útgöngu Breta úr Evrópusambandinu. Málið varðar fjárfestingar lífeyrissjóða í Bretlandi og áhrifin af Brexit.

### Umsagnir um lagafrumvörp og opinberar reglur

Mikill tími nefndarinnar hefur farið í umræður um lagafrumvörp og umsagnir vegna frumvarpanna. Fjöldi frumvarpa um málefni sem heyra undir nefndina hefur verið til umfjöllunar og kom nefndin





Fundargestir á ráðstefnunni „Straumar og stefnur“.

eftir atvikum ábendingum á framfæri í samstarfi við framkvæmdastjóra LL.

### Reiknimódel fyrir lífeyrissjóðakerfið

Hugmyndafræði Alþjóðbankans um endurhönnun lífeyriskerfa hefur verið rýnd í nefndinni. Hugmyndin gengur út á að meta alla þætti lífeyriskerfa út frá ákveðnum frumskilyrðum. Til umræðu hefur verið að innleiða notkun slíks módelis og jafnvel að hanna séríslenskt módel sem nota má til að styðja við þróun kerfisins. Verkefnið er á frumstigi.

### Orðasafn

IcelandSIF hafa um nokkurt skeið unnið að gerð orðasafns fyrir tungumál fjármála og fjárfestinga og nefndin fylgst með þeirri vinnu í gegnum samtökin. Þau hafa enn fremur látið þýða ESG skýrslu (environmental social and governance) sem nefndin hefur aðgang að og kemur að góðum notum. Segja má að þessi vinna IcelandSIF komi í stað þess sem undirbúningshópur LL hafði ráðgert að gera. Áfram er til athugunar að eiga samstarf við orðabanka Íslenskrar málstöðvar en í breyttri mynd.



Framsögumenn á ráðstefnunni „Straumar og stefnur“. Hrunn Gunnsteinsdóttir, dr. Lára Jóhannsdóttir og Tómas N. Möller

# RÉTTINDANEFND

## Helstu verkefni

- Yfirfara og hafa frumkvæði að breytingum á lögum og reglum um tryggingafræðileg uppgjör og réttindabreytingar.
- Beita sér fyrir stefnumörkun um framtíðarskipan lífeyrisgreiðslna og verkaskiptingu lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar ríkisins.
- Huga að samræmdum reglum og vinnulagi milli lífeyrissjóða þar sem þess gerist þörf, svo sem með setningu leiðbeinandi reglna.

## Sérstök verkefni 2019–2020

- Beita sér fyrir því að móta framtíðarsýn varðandi samspil greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða, bæði hvað varðar tekjutengingar ellilífeyris og víxlverkanir á greiðslum örorku-lífeyris.
- Fylgjast með þeim þáttum sem áhrif hafa á tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða, svo sem örorkulíkum og breytingum á lífslíkum.
- Ljúka vinnu við samningu nýrra draga að upp-færðu samkomulagi um samskipti lífeyris-sjóða. Ber þar að leggja áherslu á samræmingu og einföldun þátta er varða sameiginlega meðhöndlun mála.
- Fylgja eftir öllum þáttum er varða nýjar persónu-verndarkröfur.
- Fylgja eftir málum varðandi skiptingu ellilífeyris-réttinda.

## Nefndarmenn:

Þóra Jónsdóttir formaður, Brú lífeyrissjóði  
Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi-lífeyrissjóði  
Berglind Guðmundsdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum,  
EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga  
Einar Ingimundarson, Stapa lífeyrissjóði  
Haukur Jónsson, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja  
Jóna Finndís Jónsdóttir, Stapa lífeyrissjóði  
Kristján Geir Pétursson, Birtu lífeyrissjóði  
Margrét Kristinsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Ólafur Páll Gunnarsson, Ísl. lífeyrissjóðnum og LTFÍ  
Ólafur K. Ólafs, Lífeyrissjóði bænda  
Sigfús Eysteinnsson, Festu lífeyrissjóði  
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR

Réttindanefnd fjallar um fjölbreytt mál sem snúa að sameiginlegum málum sjóðanna, svo sem heildarendurskoðun á samkomulagi sjóðanna, krosstengsl við almannatryggingar og fleira.

Fjöldi undirhópa hefur verið settur á laggirnar til að fylgja eftir verkefnum nefndarinnar. Nefndin hélt níu fundi á árinu.

## Heildarendurskoðun lífeyrissjóðalaganna

Stjórnvöld hafa lýst yfir að til standi að endurskoða lífeyrissjóðalöggjöfina í heild sinni. Í samráðsgátt stjórnvalda voru birt drög að frumvarpi með umtalsverðum breytingum á lífeyrissjóðalögum og barst fjöldi umsagna. LL skiluðu umsögn en enn

hefur ekki komið til þess að stjórnarfrumvarp hafi verið lagt fram á Alþingi. Mikilvægt er að fylgjast grannt með gangi málsins.

## Samkomulag um samskipti lífeyrissjóða

Nú sér fyrir endann á vinnu við endurskoðun á samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða. Verkið hefur tekið drjúgan tíma en fjöldi mála á dagskrá nefndarinnar í vetur fellur undir samkomulagið og eru málin því unnin samhliða.

## Vinnuhópur um endurskoðun samkomulagsins:

Þóra Jónsdóttir formaður, Brú lífeyrissjóði  
Anna Björk Sigurðardóttir, LSR  
Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi-lífeyrissjóði  
Einar Ingimundarson, Stapa lífeyrissjóði  
Margrét Kristinsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Matthildur Hermannsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða  
Sigprúður Jónasdóttir, Birtu lífeyrissjóði  
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR  
Örn Guðnason, Gildi-lífeyrissjóði

Samkvæmt samkomulaginu er starfandi úrskurðar- og umsagnarnefnd sem skipuð er þremur fulltrúum til fjögurra ára í senn og jafnmörgum til vara. Nefndin hefur það hlutverk að fjalla um mál er varða framkvæmd samkomulagsins. Nefndin var endurskipuð þann 28. júní 2016 til fjögurra ára.

## Hana skipa:

Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, formaður, LSR



## FRÁ KYNNINGU Á NÝJU RÉTTINDAKERFI STAPA LÍFEYRISSJÓÐS 17. SEPTEMBER



Jóna Finndís Jónsdóttir og Þórey S. Þórðardóttir.



F.v.: Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, Gunnar Baldvinsson, Þóra Jónsdóttir, Pálína Margrét Hafsteinsdóttir, Ingi Kristinn Pálsson og Gerður Guðjónsdóttir.

Margrét Kristinsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Örn Guðnason, Gildi – Lífeyrissjóði

Varamenn:

Matthildur Hermannsdóttir, Greiðslustofu  
lífeyrissjóða

Sigurbjörn Sigurbjörnsson, SL Lífeyrissjóði

Sigprúður Jónasdóttir, Birtu Lífeyrissjóði

### Tekjueftirlit örorkulífeyris

Sérstakur hópur hefur starfað í tengslum við að kortleggja núverandi framkvæmd við tekjueftirlit með það í huga að meta hvort unnt sé að einfalda og samræma framkvæmdina frekar en nú er:

Einar Ingimundarson, Stapa Lífeyrissjóði  
Jóna Finndís Jónsdóttir, Stapa Lífeyrissjóði  
Margrét Kristinsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR

### Örugg gagnasamskipti – stafræn upplýsingamiðlun

LL höfðu frumkvæði að því að kalla saman fulltrúa stjórnvalda, TR og RSK í tengslum við verkefnið Stafrænt Ísland og gáttina island.is. Eins og vera ber er stöðugt verið að leita leiða til að bæta aðgengi sjóðfélaga að upplýsingum og tryggja og bæta upplýsingaflæði innbyrðis milli lífeyrissjóða og í samskiptum þeirra við TR og RSK. Gáttin island.is liður í því.



Í þessari vinnu hefur reynt á reglur um persónuvernd og innbyrðis öryggi í gagnasamskiptum svo sem í tengslum við upplýsingar frá RSK við tekjueftirlit vegna örorkulífeyrisgreiðslna.

### **Hópur hefur verið að störfum til að rýna verklag og tæknilegar útfærslur:**

Ásgrímur Skarphéðinsson, LSR

Haraldur Arason, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Matthildur Hermannsdóttir, Greiðslustofu  
lífeyrissjóða

Ólafur H. Nielsen, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Sverrir Már Viðarsson, Inít  
Þóra Jónsdóttir, Brú lífeyrissjóði

Fjallað hefur verið um rafræna útsendingu sjóðfélagaýfirlita sem island.is gerir mögulega en til að af því geti orðið þarf að breyta lögum.

### **Hópurinn sem hefur unnið að rafrænni útsendingu yfirlita:**

Arnaldur Loftsson, Frjálsa lífeyrissjóðnum  
Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi-lífeyrissjóði  
Sigurbjörn Sigurbjörnsson, SL lífeyrissjóði  
Þórey S. Þórðardóttir, LL

Gagnasendingar milli sjóða fara í gegnum Signet Transfer. Sama kerfið er notað fyrir gagnasendingar milli sjóða og TR.

### **Sérstakur hópur hefur verið að störfum um ferla og umgengisreglur í tengslum við Signet Transfer:**

Jenný Ýr Jóhannsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Kristíanna Jessen, LSR  
Sara J. Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða

### **Lífeyrisgáttin II**

Lífeyrisgáttin, sem opnuð var árið 2013 og gerir fólki kleift að fá heildaryfirlit yfir réttindi sín í samtryggingu hjá lífeyrissjóðunum, hefur reynt mjög vel og er gáttin mest sótti tengillinn af vefnum Lífeyrismál.is. Frá því Lífeyrisgáttin fór í loftið hefur verið unnið að uppfærslu á gáttinni, Lífeyrisgáttinni II, en vegna örra breytinga og tæknilegrar þróunar á öðrum vettvangi í vetur svo sem þróunar Stafræns Íslands, var vinnu við uppfærsluna slegið á frest þar til línur skýrast. Á síðasta fundi stjórnar LL var ákveðið að taka upp þráðinn að nýju í sumar.

### **Örorkuumsóknir**

Í tengslum við yfirferð öruggra gagnasendinga og endurskoðun á samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða hefur verið unnið að því að rýna hvernig umsóknareyðublöð um örorkulífeyri eiga að líta út og yfirfara umboð sem sjóðfélagar veita sjóðunum til nauðsynlegrar gagnaöflunar. Unnið hefur verið að gerð sameiginlegs umsóknareyðublaðs um örorkulífeyri til að tryggja samræmi upplýsinga og samhljóða umboð sem sjóðfélagar veita. Um er að ræða upplýsingar sem nýttar eru í samskiptum lífeyrissjóða innbyrðis, til RSK, TR og VIRK.

### **Vinnuhópur hefur verið að störfum við verkefnið:**

Sigrúður Jónasdóttir formaður, Birtu lífeyrissjóði  
Ástey Gunnarsdóttir, LSR  
Guðbjörg Rúnarsdóttir, Brú lífeyrissjóði  
Jóney Gylfadóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Matthildur Hermannsdóttir, Greiðslustofu  
lífeyrissjóða


### **Samkomulag um aðgang að tekjuupplýsingum RSK**

Í mars gengu lífeyrissjóðir frá samkomulagi við RSK um rafrænan aðgang sjóðanna að tekjuupplýsingum en viðræður hafa staðið yfir við RSK í nokkurn tíma. Þessi aðgangur er mikilvægur til að sjóðirnir geti fylgt eftir virku tekjueftirliti vegna örorkulífeyris. Huga þarf að ströngum persónuverndarkröfum og var unnið að uppfærslu á umboðum sjóðfélaga og fleira eins og fyrr greinir. Samkomulagið er hugsað tímabundið þar til framtíðarlausn verður fundin á öruggum rafrænum samskiptum.

### **Persónuverndarlöggjöf**

Frá því ný persónuverndarlöggjöf tók gildi hefur starfað hópur á vegum samtakanna og rýnt þá þætti í starfsemi lífeyrissjóða sem ný persónuverndarlöggjöf nær yfir. Hópurinn hefur verið sjóðunum innan handar og hann hefur haft frumkvæði að því að leiða saman starfandi persónuverndarfulltrúa sjóðanna og áhættustjóra. Búið er að ganga frá vinnslusamningum sjóða og allra samstarfsaðila svo sem stéttarfélag, trúnaðarlækna og tryggingastærðfræðinga.

## SAMNINGAR UM SKIPTINGU ELLILÍFEYRISRÉTTINDA



**Samningar frá upphafi árið 2002 eru nú um 450 talsins. Samningar á þessu ári hafa aldrei verið fleiri eða 73 en voru 32 á fyrra ári. Þeim fjölgaði um 140% milli ára.**

Nýlega lauk hópurinn vinnu við leiðbeiningar fyrir sjóðina þar sem farið var yfir möguleg atvik tengd persónuvernd og/eða öryggisbresti og viðbrögð sjóðanna við þeim. Var stuðst við þær leiðbeiningar sem Persónuvernd hefur gefið út og áhersla lögð á þá þætti sem geta komið upp í starfsemi lífeyrissjóða.

### Vinnuhópur um persónuverndarmál:

Rebekka Ólafsdóttir formaður, Gildi-lífeyrissjóði  
Ásta Ásgeirsdóttir, LL  
Helgi Pétur Magnússon, Almenna lífeyrissjóðnum  
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR

Þór Egilsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Einar Ingimundarson, Stapa lífeyrissjóði, hefur setið nokkra fundi hópsins.

### Tæknileg aðstoð:

Ásgrímur Skarphéðinsson, LSR  
Helgi Einarsson, Fuglum  
Margrét Lilja Magnúsdóttir, Inít

### Skipting ellilífeyrissréttinda

Umsóknum um skiptingu ellilífeyrissréttinda fjölgaði mikið á árinu. Lög heimila sjóðfélögum að skipta áunnum réttindum, framtíðarréttindum og ellilífeyrisgreiðslum með maka sínum en úrræðið er

hugsað til að jafna stöðu hjóna eða sambúðarfólks. Samningarnir þurfa að vera gagnkvæmir og jafnir og fólk þarf að undirgangast læknisskoðun sem staðfestir að lífslíkur séu ekki skertar. Á árinu var gerð heildarendurskoðun á öllu er viðkemur skiptingu ellilífeyrissréttinda svo sem samningseyðublöðum, heilbrigðisvottorði og verkferlum.

### Starfshópurinn skipa:

Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi-lífeyrissjóði  
Einar Ingimundarson, Stapa lífeyrissjóði  
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR  
Þórey S. Þórðardóttir, LL

Hvað varðar nýtt verklag þá hafa fram til þessa allir samningar farið í gegnum LL. Gögn hafa verið send LL sem hefur yfirfarið þau og sent áfram til viðkomandi sjóða. Samkvæmt nýju verklagi færast vinnslan að öllu leyti til sjóðanna sjálfra en LL munu áfram sjá um að annast fræðslu fyrir starfsfólk sjóðanna og halda utan um uppfærslur á verkferlum.

### Réttindi útlendinga í lífeyrissjóðum

Útlendingum með réttindi í lífeyrissjóðakerfinu hefur fjölgað verulega á undanförunum árum og mikið er um að sjóðfélagar búsettir erlendis séu ekki meðvitaðir um réttindi sín hér á landi og sækji hvorki um ellilífeyri né útgreiðslu séreignarsparnaðar. Í mörgum tilfellum er ekkert vitað um afdrif þessa fólks, hvorki er skráð heimilisfang þess í kerfunum hér á landi né upplýsingar um hvort það sé lífs eða liðið. Umtalsverð réttindi geta því verið

## FRÁ KYNNINGU HENNÝAR HINZ Á SAMSPILI GREIÐSLNA LÍFEYRISSJÓÐA OG ALMANNATRYGGINGA 19. DESEMBER



Helga Sveinbjörnsdóttir og Arnaldur Loftsson.

í kerfinu sem ekki nýtast viðkomandi sjóðfélögum þar sem ekki næst í þá. Má í þessu samhengi nefna að í lok árs 2019 voru innflytjendur tæplega 20% allra á íslenskum vinnumarkaði eða um fimmtungur virkra sjóðfélaga.

Verið er að kanna hvernig bæta megi upplýsingamiðlun til þessa sjóðfélagahóps og laga verkferla

við greiðslur til sjóðfélaga sem búa erlendis. Settur hefur verið saman hópur til að tryggja framgang málsins og stefnt af því tilefni að fundum með Þjóðskrá, TR og RSK á næstu misserum.

### Hópin skipta:

Ásta Ásgeirsdóttir, LL



Henný Hinz.

Berglind Guðmundsdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga Jóna Finndís Jónsdóttir, Stapa lífeyrissjóði

### Endurgreiðsla iðgjalda við flutning úr landi

Samkvæmt lögum er heimilt að endurgreiða fólki utan EES og BNA greidd iðgjöld í sjóðina þegar það yfirgefur landið. Verklagið nú er þannig að mjög



misjafnt er hvort og þá hvernig sjóðirnir nýta þessa heimild. Sumir endurgreiða iðgjöldin að fullu, aðrir að hluta eða að tilteknum skilyrðum uppfylltum og enn aðrir endurgreiða ekki. Umræður hafa skapast um óhagræði þess að ekki skuli vera sameiginlegt verklag og eru óánægjuraddir áberandi.

### **Því var settur saman hópur til að rýna verklagið og koma með tillögur að breytingum:**

Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi-lífeyrissjóði  
Jóna Finndís Jónsdóttir/Einar Ingimundarson, Stapa  
lífeyrissjóði  
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR

#### **Hálfur lífeyrir**

Ákvæði í almannatryggingalöggjöfinni um hálfan lífeyri hefur sætt umtalsverðri gagnrýni. Á Alþingi er til meðferðar frumvarp með breytingum sem ætlað er að bæta úr. LL skiluðu umsögn um málið.

#### **Lífeyrissjóðir og TR**

Snertifletir LL og TR eru margir. Mikil vinna hefur farið í að reyna að bæta gagnasendingar milli aðila og hefur um skeið hefur verið rætt um sérstaka vefgátt. Þar er að ýmsu að hyggja. Nefna má sundurliðun á greiðslum, kerfiskennitölur, greiðslur inn á erlenda bankareikninga, ráðgjöf þjónustufulltrúa TR í tengslum við töku endurhæfingarlífeyris, sundurgreiningu á greiðslum TR sem tengist tekjueftirliti, hálfan lífeyri og áfram mætti telja. Fulltrúar lífeyrissjóða og TR hafa átt

gott samstarf og eru miklar vonir bundnar við verkefnið Rafrænt Ísland, samanber það sem fjallað hefur verið um hér á undan.

#### **Réttindi eftir 70 ára**

Aðeins er lagaskylda að greiða iðgjöld frá 16 ára til 70 ára aldurs. Þegar sjóðfélagar starfa eftir sjötugt er afar misjafnt hvernig iðgjöld eru meðhöndluð. Verklag sjóðanna í tengslum við iðgjöld fólks sem komið er á áttæðisaldur hefur því verið til athugunar en einnig er framkvæmdin mismunandi hjá launagreiðendum. Þessi hópur fer sístækkandi og mikilvægt að málið verði rýnt með aðilum vinnumarkaðarins.

#### **Hefur hópur verið að störfum af þessu tilefni og stendur til að vekja athygli aðila vinnumarkaðarins á málinu:**

Þóra Jónsdóttir, Brú lífeyrissjóði  
Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi-lífeyrissjóði  
Jóna Finndís Jónsdóttir, Stapa lífeyrissjóði

#### **Úrskurðarnefnd um lífeyrisréttindi**

Unnið er að því að setja á laggir úrskurðarnefnd til hagsbóta fyrir sjóðfélaga sem óska eftir endurskoðun á málum sem fengið hafa afgreiðslu lífeyrissjóða. Er þar einkum um að ræða örorkumál þar sem sjóðfélagar hafa nú eingöngu þann kost að óska eftir gerðardómi eða leita til almennra dómstóla sem er bæði tímafrekt og kostnaðarsamt. Elísabet Þórey Þórisdóttir,

lögfræðingur hjá LSR, á sæti í nefnd á vegum stjórnvalda sem hefur meðal annars það hlutverk að fjalla um stöðu úrskurðarnefnda um viðskipti við fjármálaþyrirtæki en lífeyrissjóðirnir falla þar undir sem lánveitendur. Elísabet tók við af Sigurði Kára Tryggvasyni sem var fulltrúi LL í nefndinni fram á mitt ár.

Að störfum hefur verið hópur með það hlutverk að koma með tillögu að umgjörð úrskurðarnefndar um lífeyrismál. Stór hluti þeirra sérfræðinga sem í hópnum voru hefur látið af störfum innan lífeyrissjóðakerfisins og stendur því til að meta stöðuna að nýju.

#### **Lífeyrissjóðir og VIRK**

##### **Fulltrúaráð**

Stjórnarmenn LL eru í fulltrúaráði VIRK og skipar stjórn LL einn aðalman í stjórn VIRK og einn til vara. Aðalmaður LL er framkvæmdastjóri LL, Þórey S. Þórðardóttir, og Sigurbjörn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri SL lífeyrissjóðs, til vara.

##### **Þróunarráð**

Þróunarráðið hefur það hlutverk að stuðla að sameiginlegu verklagi lífeyrissjóðanna og VIRK.

Kristján Geir Pétursson og/eða Sigbrúður Jónsdóttir frá Birtu lífeyrissjóði sitja fundi ráðsins fyrir hönd LL. Framkvæmdastjóri LL hefur einnig haft aðkomu að starfi þróunarráðsins.

## SAMSKIPTANEFND

### Helstu verkefni

- Móta stefnu í sameiginlegum kynningarmálum um lífeyrissjóðina.
- Annast samskipti við fjölmiðla og fjölmiðlavöktun.

### Sérstök verkefni 2019–2020

- Fylgjast með og styðja við vinnu greinaskrifateymis.
- Efla skipuleg almannatengsl á vegum LL.

### Nefndarmenn:

Guðrún Hafsteinsdóttir formaður, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Aðalbjörn Sigurðsson, Gildi-lífeyrissjóði

Árni Guðmundsson, Gildi-lífeyrissjóði

Erla Jónsdóttir, Stapa lífeyrissjóði

Gunnar Baldvinsson, Almenna lífeyrissjóðnum

Halldóra Káradóttir, Brú lífeyrissjóði

Harpa Jónsdóttir, LSR

Svanhildur Sigurðardóttir, Lífsverki

Þórey S. Þórðardóttir, LL

Þórhallur Jósepsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, starfsmaður LL, starfaði með nefndinni.

Í henni eiga sæti tíu fulltrúar, að þessu sinni fjórir stjórnarmenn LL, framkvæmdastjóri LL og fimm fulltrúar sjóðanna. Lögð er áhersla á að starfsmenn sjóðanna, sem sinna almannatengslamálum og/eða markaðs- og kynningarmálum sérstaklega, sitji í nefndinni.

Samskiptanefnd vinnur þvert á aðrar nefndir. Á fundum hennar eru mál rædd sem eru í deiglu og fulltrúar fjölmiðla upplýstir um viðfangsefni sem nefndin telur varða almenning. Til að geta brugðist fljótt og vel við þjóðfélagsmæðunni hverju sinni nýtir nefndin sér viðbragðsáætlun gagnvart fjölmiðlum en áætlunin kemur einnig að góðum notum við að skerpa á verkaskiptingu LL og sjóðanna. Nefndin nýtir sér einnig svokallað umræðuborð til að styðjast við á fundum nefndarinnar. Umræðuborðið auðveldar LL og sjóðunum að sýna frumkvæði í ákveðnum málum og leggja þannig sitt af mörkum til að umræðan verði uppbyggileg og gagnleg.

### 50 ára afmælishátíðin

Nefndin kom að undirbúningi 50 ára afmælishátíðar skylduaðildar að lífeyrissjóðum á almennum vinnu-markaði en haldið var upp á afmælið bæði í Hörpu og í Hofi á Akureyri. Viðburðirnir voru vel auglýstir sunnan og norðan heiða og öllum stjórnarmönnum lífeyrissjóða fyrr og síðar sent sérstakt boðskort í pósti. Viðburðirnir voru vel sóttir og þóttu takast einstaklega vel.

Í byrjun desember var líka af þessu tilefni frumsýndur á Hringbraut viðtalsþátturinn Lífeyrissjóðir í 50 ár, samvinnuverkefni LL og sjónvarpsstöðvarinnar.

### Greinateymi

Til að sýna meira frumkvæði í umræðunni og til að auka sýnileikann var starfsfólk sjóðanna hvatt til að skrifa greinar um málefni sem þeim lægju á hjarta. Atli Rúnar Halldórsson, blaðamaður og ráðgjafi, var greinahöfundum innan handar við skrifin en hann starfar einnig með greinateymi LL. Auk Atla eru í teyminu Rakel Fleckenstein Björnsdóttir ritstjóri, Aðalbjörn Sigurðsson, Gildi-lífeyrissjóði, og Þórhallur Jósepsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna. Sumar greinarnar voru birtar í dagblöðum en allar voru þær birtar á vefnum Lífeyrismál.is og sendar út í Fréttabréfi. Hugmyndin með greinaskrifunum var meðal annars að fjölga þeim sem koma fram fyrir hönd lífeyrissjóðakerfisins og gera kerfið sýnilegra. Fyrirkomulagið hefur gefist vel og verður án efa framhald þar á.

### Lífeyrismál.is

Landssamtökin halda úti vefnum Lífeyrismál.is. Vefurinn er aðgengilegur á þremur tungumálum: Íslensku, ensku og pólsku. Á honum er leitast við að varpa ljósi á lífeyrismálin á auðskiljanlegan hátt og upplýsingar gerðar eins aðgengilegar og frekast er unnt. Á vefnum er meðal annars að finna:

- Þrjár kynslóðir og efni fyrir hverja: Lífið er framundan, Starfsævin og Hugað að starfslokum.
- Svona virkar kerfið þar sem m.a. má finna allt fræðsluefni og tengil á síðu LL.
- Spurt & svarað þar sem helstu spurningum um lífeyrissjóðakerfið er svarað.

- Ávöxtun. Hér er birt ávöxtun séreignardeilda og samtryggingardeilda. Ávöxtun séreignardeilda var fyrst birt 2018 og ávöxtun samtryggingardeilda í maí 2019.
- Lífeyrisgáttin. Tengill á Lífeyrisgáttina þar sem hægt er að finna heildaryfirlit yfir réttindi í samtryggingarsjóðum lífeyrissjóðanna.
- Allir lífeyrissjóðir
- Fréttir, viðtöl og greinar
- Landssamtök lífeyrissjóða

Ráðist var í þriðju myndatökuna með sömu módelum, Ósk og Sunnevu, en nú bættist eiginmaður Óskar við (raunverulegur!). Myndaöldin gengur undir nafninu Heima er best og vísar til þess að fyrirsæturnar eru myndaðar heima í hversdagsumhverfi, í athvarfi fjölskyldunnar og að störfum heima við. Það á einstaklega vel við á tímum veirufaraldurs þegar landsmenn eru hvattir til að ferðast innanhúss!

Fyrsta myndatakan var haustið 2016 í Öskjuhlíð, önnur 2018 á Eyrarbakka og í Hveragerði og sú þriðja árið 2019 „heima“. Ljósmyndari er Gunnar Svanberg. Fyrirsætur eru Jóhanna, Sigurður, Ósk, Bárður og Sunneva. Leikmynda-hönnuðir Einar Gylfason og Unnur Kristjánsdóttir hjá hönnunarstofunni Leynivopninu. Ljósmyndirnar hafa verið uppistaðan í kynningarstarfi samtakanna og eru notaðar á vefnum, í fréttabréfi Lífeyrismála, Mánaðarpósti LL og á samfélagsmiðlum.

## Mánaðarpóstur LL

Mánaðarpóstur LL er sendur rafrænt til allra starfsmanna og stjórnarmanna lífeyrissjóða, alls um 450 viðtakenda. Í póstinum er greint frá því sem er að gerast í starfi samtakanna hverju sinni; ráðstefnum, námskeiðum, fundum og málþingum og frá því helsta sem varðar bæði störf LL inn á við og starfsmenn og stjórnarmenn sjóðanna.


## Fréttabréf Lífeyrismál.is

Áskrifendafjöldi fréttabréfs Lífeyrismál.is hefur tvöfaldast frá fyrra ári en bréfið er nú sent á alls um 2.700 manns. Þetta eru áskrifendur sem skrá sig í gegnum vefinn, starfsmenn og stjórnarmenn lífeyrissjóða, helstu stofnanir og samstarfsaðilar, fjölmiðlar og alþingismenn. Í fréttabréfinu eru birtar allar fréttatilkynningar frá LL til fjölmiðla, enn fremur valdar greinar og viðtöl sem birtast á Lífeyrismál.is og annað efni sem talið er eiga erindi við almenning.

Nefndin kemur einnig að undirbúningi og skipulagningu verkefna í samstarfi við aðrar nefndir, sér í lagi fræðslunefnd en nokkur verkefni þessara tveggja nefnda skarast

## Almanak

LL gátu út almanak annað árið í röð. Áður fyrr tíðkaðist að LL gæfu út almanak og voru margir sem söknuðu þess. Heima er best-ljósmyndir Gunnars Svanberg prýða dagatalið en hönnuður þess er Magnús Ingvar Torfason. Fengu allir starfsmenn sjóðanna sem þess óskuðu eintak með



Vefurinn Lífeyrismál.is. Þrjár kynslóðir: Lífið er framundan, Starfsævin og Hugað að starfslokum.

jólakveðju samtakanna rétt fyrir jólin.

## Ávöxtun samtryggingar og séreignar

Ávöxtunartölur lífeyrissjóða í samtryggingu voru birtar á vefnum Lífeyrismál stuttu eftir aðalfund í fyrra. Árið áður höfðu ávöxtunartölur fyrir séreign verið birtar. Hér er um að ræða lið í að auka gagnsæi og upplýsingamiðlun til almennings.

## Hagtöluhópur

Undanfarin ár hefur verið aukin krafa um sýnileika gagna og á það við um lífeyrissjóðina jafnt sem aðra. Mikilvægt er að bæði sjóðfélagar og aðrir geti nálgast áreiðanleg gögn um lífeyrismál og vilja LL vera leiðandi í þeirri vinnu. Hagtöluhópur hefur verið starfandi í nokkur ár en innan hópsins er unnið að því að bæta aðgengi að gögnum tengdum lífeyrismálum. Stefnt er að því að uppfæra gögn oftast yfir árið en gert hefur verið til að veita sem besta mynd af stöðu mála hverju sinni.



### Hópin skipa:

Ásta Ásgeirsdóttir, LL

Sara Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða

Þórhildur Stefánsdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum

Þór Egilsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Þorkell Sigurgeirsson, LSR

Bakhópur hagtöluhóps LL kom ekki saman á árinu en hann varð til á fyrra ári til að bæta aðgengi að tölulegum upplýsingum:

Björn Z. Ásgrímsson, tilnefndur af FME

Páll Kolbeins, tilnefndur af RSK

Sigurður M. Grétarsson, tilnefndur af TR

Svava Óskarsdóttir, tilnefnd af Seðlabankanum

Órn Ágústsson, tilnefndur af Hagstofunni


### Hækkandi lífaldur – auknar lífeyrisgreiðslur

Breytt aldurssamsetning þjóða er alþjóðlegt viðfangsefni og Ísland hefur ekki farið varhluta af því. Hér á landi hélst fæðingatiðni lengi hærra en hjá öðrum Evrópuþjóðum en undanfarin ár hefur orðið breyting þar á og Íslendingar eiga nú að meðaltali 1,6 börn sem er svipað og á hinum Norðurlöndunum. Á sama tíma lifir fólk lengur. Þetta þýðir að aldurssamsetning þjóðarinnar breytist, hlutfall fólks yfir 67 ára aldri fer hækkandi. Það er að sjálfsgöðu gleðiefni að fólk lifi lengur

en því fylgja auknar skuldbindingar lífeyrissjóða sem mikilvægt er að hafa í huga. Tryggja verður að lífeyrissjóðakerfið standi áfram sterkt á næstu árum og áratugum.

Aðrar þjóðir hafa brugðist við með því að hækka lögbundinn lífeyrisaldur í skrefum ásamt því að þróa líkön fyrir áframhaldandi hækkun lífaldurs fólks. Mikilvægt er að Íslendingar séu í þessum efnum ekki eftirbátar þjóða sem við berum okkur saman við og að töflur um lífslíkur hér verði uppfærðar í samræmi við hækkandi lífaldur þjóðarinnar.

### ALDURSDREIFING ÞJÓÐARINNAR 1960, 2020 OG 2060



Heimild: Hagstofa Íslands

## FRÆÐSLUNEFND

### Hlutverk fræðslunefndar

- Skipuleggja og hafa frumkvæði að námskeiðahaldi og almennri fræðslu fyrir lífeyrissjóði.
- Vinna að gerð og viðhaldi á fræðslu- og kynningarefni um lífeyriskerfið.
- Efla og viðhalda síðunni Lífeyrismál.is í samstarfi við samskiptanefnd.

### Sérstök verkefni 2019–2020

- Semja fræðslu- og námskeiðaaætlun samtakanna 2019–2020.
- Fylgjast með og eftir atvikum styðja við framgang fjármálalæsisverkefnisins Fjármálavits í grunnskólum.
- Fylgjast með og eftir atvikum styðja við fræðslu ASÍ í framhaldsskólum og kanna samstarf við háskólana.
- Undirbúa fræðslu um lífeyrismál á vinnustöðum og hjá félagasamtökum.
- Huga að fræðslu fyrir nýbúa og þá sem hafa með málefni nýbúa að gera, kanna mögulegt samstarf við stéttarfélög, TR og RSK.

### Nefndarmenn:

Ágústa H. Gísladóttir formaður, LSR  
Arnaldur Loftsson, Frjálsa lífeyrissjóðnum  
Gerður Björk Guðjónsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
Halldór Bachmann, Almenna lífeyrissjóðnum

Ingibjörg Ólafsdóttir, Gildi-lífeyrissjóði  
Jakob Tryggvason, Birtu lífeyrissjóði  
Snædís Ögn Flosadóttir, EFÍA og LSBÍ  
Valmundur Valmundsson, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja  
Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, fræðslufulltrúi LL, starfaði með nefndinni.

Allt frá árinu 2016, þegar stjórn LL setti fræðslu- og kynningarmálin í öndvegi, hefur mikið mætt á fræðslunefndinni. Mikil áhersla hefur verið lögð á fræðslu fyrir yngstu kynslóðina, þau sem eru að hefja starfsferil sinn, og hefur góður árangur náðst í þeirri viðleitni. Spennandi verkefni eru framundan fyrir aldurshópinn 40+ og verður greint nánar frá því hér á eftir.

Nefndin hélt níu fundi á árinu þar sem hún skipulagði og fylgdi eftir verkefnum sem lúta að fræðslumálum fyrir lífeyrissjóðina, bæði er varða innra starf þeirra og upplýsingar til sjóðfélaga og annarra.

Nefndin skipuleggur ýmsa fræðsluviðburði og í upphafi starfsársins setti hún sér metnaðarfulla fræðslu- og námskeiðaaætlun. Hádegisfræðslufundur fyrir starfsfólk og stjórnarmenn eru fastir liðir í starfsemi nefndarinnar. Vegna ástandsins í samfélaginu í mars, apríl og maí 2020 var öllum fyrirhuguðum

fræðslufundum fram á sumar frestað um óákveðinn tíma.

### Fræðsla fyrir starfsfólk og stjórnarmenn

Undanfarin ár hafa LL átt samstarf við Félagsmálaskóla alþýðu um námskeiðahald fyrir starfsfólk og stjórnarmenn lífeyrissjóða vegna hæfismats FME. Dagana 2.–4. október var slíkt námskeið og áformað að halda annað sambærilegt í kjölfar aðalfunda hjá sjóðunum í lok maí.

Sérstök námskeiðaröð, alls átta skipti, var sett á laggir til að rifja upp með reglulegu millibili og skerpa á nauðsynlegri þekkingu stjórnarmanna. Tilgangurinn er að tryggja hæfi þeirra og leggja sérstaka áherslu á að kynna breytingar og nýjungar sem hafa átt sér stað í kerfinu. Fræðslunefndin hafði veg og vanda af skipulagi og efnistöfum og lagði til hverjir yrðu leiðbeinendur.

Námskeiðin voru haldin mánaðarlega. Þau voru mjög vel sótt og hægt að sækja þau líka á fjarfundi:

- Lífeyrisréttindin þín – uppbygging og samspil, 19. september. Leiðbeinandi Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.
- Persónuvernd í lífeyrissjóðum, 24. október. Leiðbeinandi Sigurður Kári Tryggvason, lögfræðingur og fyrrum persónuverndarfulltrúi Almenna lífeyrissjóðsins.
- Áhættustýring og innra eftirlit, 21. nóvember. Leiðbeinandi Agni Ásgeirsson, forstöðumaður áhættustýringar hjá LSR.



Fjármálavít efnir árlega til fjármálaleika milli grunnskóla. Myllubakkaskóli stóð uppi sem sigurvegari 2020 en Nesskóli sigraði 2019.

- Lestur ársreikninga við fjárfestingarárskvarðanir, 23. janúar. Leiðbeinandi Loftur Ólafsson, sérfræðingur í eignastýringu hjá Birtu lífeyrissjóði.
- Ársreikningar- og skýrslur lífeyrissjóða, 20. febrúar. Leiðbeinandi Vignir Rafn Gíslason, löggiltur endurskoðandi hjá PWC.
- Yfirlitsnámskeið um lífeyriskerfið og starfsemi lífeyrissjóða, 5. og 6. mars. Leiðbeinendur Kristján Geir Pétursson, lögfræðingur Birtu lífeyrissjóðs, og Tómas N. Möller, lögfræðingur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

- Hvernig geta lífeyrissjóðir verið samfélagslega ábyrgir fjárfestar? 20. apríl. Leiðbeinandi Kristján Geir Pétursson, lögfræðingur Birtu lífeyrissjóðs (frestað vegna covidfaraldursins).
- Tryggingafræðilegt mat, 30. apríl. Leiðbeinandi Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur. Fjarkennsla vegna covidfaraldurs.

#### Vefurinn Lífeyrismál.is

Vefsíða samtakanna Lífeyrismál.is er byggð þannig upp að þrjár kynslóðir eru í forgrunni: yngsta kynslóðin sem er að taka fyrstu skrefin á



Frá námskeiði fyrir kennara í samstarfi við Reykjavíkurborg.

vinnumarkaði (hún hefur verið nokkuð í sviðsljósinu hingað til), hin vinnandi kynslóð (kastljósum beint að henni næst) og kynslóðin sem er að ljúka störfum (lífeyrissjóðir þungamiðja).

Til að mæta þörfum yngstu kynslóðarinnar eru LL aðili að fjármálalæsisverkefninu Fjármálaviti. Sjóðirnir sjálfir halda vel utan um fólk sem nálgast lífeyristökualdur. „Millikynslóðin“, fólk á aldrinum 45–60 ára, verður í forgrunni í haust.

#### Grunnskólar - Fjármálavít

Landssamtök lífeyrissjóða eru aðilar að



fjármálalæsisverkefninu Fjármálaviti. Fjármálavit er fræðsluvettvangur með áherslu á námsefni fyrir ungmenni á aldrinum 13–15 ára þar sem markmiðið er að bæta fjármálalæsi. Verkefnið er í eigu Samtaka fjármálaframtækja og verkefnisstjórnin, Kristín Lúðvíksdóttir, er starfsmaður SFF. Fjármálavit er námsefni fyrir efstu deildir grunnskóla og hefur áherslan verið á 10. bekk í öllum grunnskólum landsins. Starfsfólk lífeyrissjóða, fjármálaframtækja og tryggingafélaga fer í skólana í nafni Fjármálavits og er með nemendum og kennurum þeirra í eina kennslustund. Starfsmenn lífeyrissjóða eru mjög duglegir við að heimsækja skólana. Þeir eru á einu máli um að verkefnið sé mjög gefandi og nauðsynlegt enda þekking á lífeyrismálum og fjármálum yfirleitt af mjög skorum skammti hjá þessum aldurshópi.

Fjármálavit átti samstarf við RÚV og RÚVnúll, sem er vefþjónusta RÚV fyrir ungt fólk, um gerð fimm þátta um fjármál. Þættirnir heita KLINK og eru aðgengilegir á heimasíðu Fjármálavits og á heimasíðu RÚV. Lífeyrissjóðir hafa heimild til að nýta alla þættina í fræðsluskyni.

Fjölmargir skólar nota nú bók Gunnars Baldvinssonar, framkvæmdastjóra Almenna lífeyrissjóðsins, Fyrstu skref í fjármálum, í fjármálafræðslu í skólum. Bókin hentar einkar vel til kennslu og hefur hún nú verið þýdd á nokkur tungumál. Bókinni hefur verið dreift í um 5000 eintökum og eru nú 86 skólar með bókina.

Í fræðslu Fjármálavits er notast við myndbönd sem



**Kynning á lífeyrissjóðakerfinu fyrir Berg, félag stjórnenda á Akureyri.**

framleidd hafa verið sérstaklega, farið í leiki eins og t.d. hugtakaleiki þar sem krakkarnir eru látnir leika hugtök sem tengjast fjármálum og ýmislegt annað sem alla jafna vekur hjá þeim mikla lukku.

Fjármálavit stóð einnig fyrir námskeiði fyrir kennara í samstarfi við Reykjavíkurborg, sem var mjög vel sótt.

#### **Framhaldsskólar – ASÍ**

LL á samstarf við ASÍ um kennslu í framhaldsskólum en Alþýðusambandið hefur undanfarið boðið

framhaldsskólanemum fræðslu um réttindi og skyldur þeirra sem eru að byrja á vinnumarkaði. Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, fræðslufulltrúi ASÍ, annast fræðsluna og styðst við fjölda myndbanda. Berglind nýtir sér myndbandið Lífeyrissjóðakerfið á 90 sek þegar það á við og nýju myndböndin sem sagt er frá hér aftar í kaflanum.

#### **Fræðsla til almennings**

Vefurinn Lífeyrismál.is, regluleg fréttabréf og samfélagsmiðlar, bæði Facebook og Instagram, eru

## FRÁ KYNNINGU FRÆDSLUNEFNDAR LL 4. DESEMBER SEM BAR YFIRSKRIFTINA „ERU LÍFEYRISMÁLIN LEIÐINLEG?“



**Snædís Ögn Flosadóttir.**

notaðir til að miðla upplýsingum til almennings. Í undirbúningi er átak sem fengið hefur nafnið Lífeyrisvit þar sem hugmyndin er að ná til almennings og hitta fólk fyrir á vinnustöðum, hjá félagsamtökum og víðar.




**Fundargestir.**

### **Lífeyrisvit**

Mikil eftirspurn er eftir almennri fræðslu um lífeyrismál. Fram til þessa hafa starfsmenn LL reynt að sinna slíkum erindum eftir mætti og sjóðirnir sjálfir sinnt sínum sjóðfélögum, sérstaklega þeim

sem nalgast lífeyristökualdur, en betur má ef duga skal. Nefndin lagði því til við stjórn LL að ráðist yrði í verkefnið Lífeyrisvit. Stjórn LL samþykkti tillögur nefndarinnar 18. febrúar og var verkefnið kynnt fyrir framkvæmdastjórum í kjölfarið. Verkefnið





**Á árinu voru framleidd sex örstutt fræðslumyndbönd á þremur tungumálum: Íslensku, ensku og pólsku.**

gengur út á að bjóða fyrirtækjum (með eða án stéttarfélaganna), félagasamtökum og öðrum sem áhuga hafa, fræðslu um lífeyrismál án endurgjalds. Verkefnið er enn á teikniborðinu en vegna veirufaraldursins hefur framkvæmd þess frestast.

Fyrirkomulag verkefnisins verður í anda Fjármálavits þar sem starfsfólk sjóðanna, 1–2 starfsmenn og starfsmaður frá LL, annast almenna kynningu um lífeyrissjóðakerfið og svarar spurningum. LL munu halda utan um alla kynningu og umsýslu.

Ætlunin var að ýta verkefninu úr vör á morgunverðarfundi með starfsfólki sjóðanna í lok mars 2020 en því var frestað vegna veirufaraldursins. Að öllu óbreyttu hefst verkefnið í haust og þá af fullum krafti.

**Fræðsla fyrir nýbúa**

Fræðsla fyrir nýbúa hefur verið í undirbúningi í nokkurn tíma og er sú vinna enn í gangi. Vefurinn Lífeyrismál.is er á þremur tungumálum og hefur markvisst verið unnið að því að þýða efni, hvort



**Myndbandið Twój Fundusz Emerytalny.**

heldur er myndefni, viðtöl eða greinar, á ensku og pólsku og það gert aðgengilegt þar. Efnið er einnig sent út á samfélagsmiðlum með svokölluðum huldupóstum þar sem allir búsettir á Íslandi, sem tala þessi tungumál, fá póstana til sín. Þetta hefur reynt vel og hefur fjöldi ensku- og pólskumælandi fólks gerst fylgjendur Lífeyrismála á samfélagsmiðlum.

**Eru lífeyrismálin leiðinleg?**

Fræðslunefndin stóð fyrir nokkrum hádegisfræðslufundum á árinu en eins og áður hefur



**Myndbandið Your Pension Fund.**

komið fram varð að fresta fjölda funda sem halda átti í vor vegna covid-faraldurs.

Einn þessara funda bar yfirskriftina Eru lífeyrismálin leiðinleg? Þar fór Snædís Ögn Flosadóttir fræðslunefndarmaður yfir sviðið með tilliti til þess hvað LL gerðu í fræðslumálum og hvað sjóðirnir sjálfir væru að gera. Hún fjallaði um hvernig tækist til við að miðla fræðslu um lífeyrissjóðakerfið, hvaða aðferðum væri beitt og hvernig best best væri að kveikja áhuga ungs fólks á lífeyrismálunum.



Fundurinn var vel sóttur og kom skýrt fram að brýnasta verkefnið væri að ná eyrum fólks á aldrinum 45–55 ára, þeirra sem enn hefðu svigrúm til að breyta einhverjum þáttum í lífeyrismálum sínum til að búa betur í haginn fyrir efri ár og eftirlaunaskeiðið. Verkefnið Lífeyrisvit er einmitt hugsað til að ná til þessa hóps.

### Myndbönd – örmyndbönd

Landssamtökin hafa látið þýða myndbandið, Lífeyrissjóðakerfið á 90 sek. yfir á ensku og pólsku en myndbandið kom út í fyrra og er meðal annars notað í fræðslupakka ASÍ í framhaldsskólum.

Landssamtökin réðust í gerð sex örmyndbanda þar sem ákveðið þema var tekið fyrir í hverju

myndbandi. Þar var notast við myndefni sem samtökin áttu frá því sjónvarpsauglýsing samtakanna var gerð árið 2016. Mikið af efni hafði ekki verið birt áður og var því hægt að nýta bæði birt og óbirt efni. Myndböndin eru öll innan við ein mínúta og henta vel til fræðslu um lífeyrissjóðakerfið á samfélagsmiðlum.

Þemun sex:

- Af hverju þarf ég að greiða í lífeyrissjóð?
- Hvar finn ég upplýsingar um réttindi mín hjá lífeyrissjóðum?
- Hvaða réttindi fæ ég með því að greiða í lífeyrissjóð?
- Hvað er viðbótarlífeyrissparnaður?

- Hversu mikið greiða sjálfstætt starfandi í lífeyrissjóð?
- Hvernig vel ég mér lífeyrissjóð?

Myndböndin hafa öll verið þýdd á ensku og pólsku og eru aðgengileg á vefnum Lífeyrismál.

Öll notkun í fræðsluskyni er heimil og hafa lífeyrissjóðir verið hvattir til að nýta sér efnið á sínum miðlum.

# Staðan og framtíðarsýn á lífeyrismálin

## Sagan og leiðin fram á við

Uppbygging íslensku lífeyrissjóðanna hefur staðið yfir í áratugi og eru þeir nú helsta stoð lífeyris fyrir eldra fólk á móti framlagi ríkisins. Fyrir lífeyrissjóðina er mikilvægt að virða söguna en horfa jafnframt fram á veginn og reyna sífellt að meta hvernig gera má gott kerfi enn betra. Hvernig má tryggja að kerfið, sem landsmenn hafa byggt upp, standi jafn sterkt eftir 30, 40 eða 50 ár? Í því samhengi er lykilatriði að búa yfir góðum talnagögnum sem gefa raunsanna mynd af núverandi kerfi, kostum þess og göllum. Einnig þarf að líta til framtíðar og meta hvort forsendur sjóðanna standist þegar fram líða stundir.

## Talnagögn um lífeyrissjóðina

Landssamtökin hafa beitt sér fyrir birtingu talnagagna um lífeyrissjóðina í gegnum hagtoluhópin sem hefur árlega birt helstu tölur um lífeyriskerfið á Íslandi á heimasíðu samtakanna. LL hafa ákveðið að leggja aukna áherslu á þennan málaflökk og réðu sérfræðing til starfa á skrifstofu sinni til að vinna með ýmsar tölulegar upplýsingar. Er stefnt að því að auðvelda aðgengi að tölulegum gögnum fyrir þá sem hafa áhuga á kerfinu, til dæmis sérfræðinga, starfsmenn fjölmiðla og fleiri og bæta við nýjum gagnaflokkum til að auka skilning á lífeyrissjóðakerfinu. Einnig er stefnt að því að fjölga gagnauppfærslum yfir árið þannig



að ætíð sé hægt að nálgast nýjustu gögn um lífeyrissjóðina á heimasíðu LL.

## Framtíðarsýn – líkan til að meta framtíðarhorfur

Þegar meta á styrk lífeyriskerfisins á Íslandi er mikilvægt að líta til framtíðar og kanna hvaða óvissupættir geta haft áhrif á skuldbindingar lífeyrissjóða á komandi árum. Má þar nefna lýðfræðilega þætti eins og mannfjölda og hlutfall mismunandi aldurshópa auk hækkandi lífaldurs fólks sem nær lífeyristökualdri. Einnig hafa vextir í heiminum farið lækandi undanfarin ár

sem vekur spurningar um hvaða vaxtastig sé eðlilegt að miða við í útreikningum sjóðanna á framtíðarskuldbindingum.

Ef sjóðirnir vilja geta metið áhrif mismunandi þátta á framtíðarskuldbindingar sínar er mikilvægt að hægt sé að reikna hver áhrif hverrar útfærslu gætu verið. Innan LL hefur því verið rætt um að hanna líkan sem getur metið áhrif mismunandi þátta á lífeyriskerfið og skuldbindingar þess. Flest Evrópulönd eru með eigin líkön og gætu Íslendingar byggt á þeirri vinnu við þróun á svipuðu kerfi hér.

# Erlent samstarf

**Landssamtök lífeyrissjóða eru áheyrnaraðili að PensionsEurope, samstarfsvettvangi samtaka lífeyrissjóða í ríkjum ESB og EFTA. Aðildin felur í sér rétt til setu á fundum samtakanna, aðgang að innra starfi þeirra svo sem málefnavarfi og sameiginlegri hagsmunagæslu gagnvart stofnunum ESB, og þátttöku í könnunum á vegum PensionsEurope.**

Aðild að samtökunum veitir LL gott færi á að fylgjast með straumum og stefnum í þróun löggjafar ESB sem varðar lífeyrissjóði og þróun þessara mála í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Reglusetning ESB tengd starfsemi lífeyrissjóða varðar Ísland beint í mörgum tilvikum þar sem stór hluti tilskipana og reglugerða ESB sem hér um ræðir varðar innri markað Evrópska efnahagssvæðisins.

Í störfum PensionsEurope er lögð áhersla á að standa vörð um þau sjónarmið að ákvarðanir varðandi lífeyrismál skuli eftir því sem kostur er vera á forræði hvers ríkis. Þannig takmarkist evrópskar reglur við svið þar sem samræmingar er sérstaklega þörf (svokölluð nálægðarregla/e. subsidiarity principle).

PensionsEurope heldur svonefnda GAM fundi (e. General Assembly Meeting) tvisvar á ári. Fulltrúi LL, Tómas N. Möller, situr fundina ásamt


framkvæmdastjóra LL. Þar er til kynningar og umræðu það sem efst er á baugi á hverjum tíma. Sökum yfirstandandi heimsfaraldurs hefur vorfundi GAM samtakanna verið frestað um sinn.

Í nóvember 2019 stóðu LL fyrir fundi um áskoranir í fjárfestingarstarfsemi lífeyrissjóða með áherslu á samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni í fjárfestingum. Þar var til umfjöllunar innlend og erlend þróun á þessu sviði. Í því sambandi var m.a. fjallað um ýmsar tilskipanir og reglugerðir frá Evrópusambandinu sem eru í farvatninu eða hafa þegar verði samþykktar. Í framhaldi af því er

viðbúið að þær muni rata inn í íslenska löggjöf þar sem þær varða gildissvið EES-samningsins. Meðal reglugerða og tilskipana sem hér um ræðir eru

- tilskipun um réttindi og skyldur hluthafa (e. Shareholder right directive II, EU 2017/828).
- reglugerð sem varðar samþættingu UFS (e. ESG) viðmiða og áhættu (e. Regulation EU 2019/2088 on sustainability related disclosures in the financial services sector).
- drög að reglugerð ESB um skilgreiningarkerfi varðandi sjálfbærar fjárfestingar (e. Proposal for a regulation on the establishment of a

## HEILDARLÍFEYRISSEIGNIR LANDA INNAN OECD ÁRIÐ 2019






framework to facilitate sustainable investment, COM/2018/353 final).

Í desember 2019 gaf PensionsEurope út rit um útgreiðslur úr lífeyrskerfum sem byggjast á „skilgreindum framlögum“ (e. defined contribution) undir yfirskriftinni PensionsEurope paper on Good Decumulation of Defined Contribution Pension Plans. Þar er gagnlegt og upplýsandi yfirlit frá sjónarhorni ýmissa Evrópuríkja. Fjallað er um kosti og galla mismunandi leiða í þessum efnum, annars vegar þar sem réttthafar hafa ekkert eða lítið val og hins vegar þar sem réttthafar hafa rýmra val. Meðal niðurstaðna er að miklu máli skipti að hafa kosti skýra og einfalda til að forðast það að rugla fólk í ríminu og auka rekstrarkostnað. Ritið kemur í kjölfar fleiri rita um mikilvæg álitamál sem tengjast lífeyrismálum, svo sem „Principles for Securing Good Outcomes for Members of Defined Contribution Pension Plans throughout Europe, Pension Design Principles applied to modern Defined Contribution solutions and Key Principles of Good Governance for Workplace Defined Contribution Pension Plans throughout Europe.“

Á vef LL, Lífeyrismál.is, er að finna ýmislegt gagnlegt efni af erlendum vettvangi á vefsvæðinu Erlent efni. Þar er m.a. að finna tengla við framangreint regluverk ESB og rit PensionsEurope. Stefnt er að því að efla upplýsingmiðlun á þessum vettvangi á komandi misserum.


Nánari upplýsingar um PensionsEurope má finna á vef samtakanna: [www.pensionseurope.eu](http://www.pensionseurope.eu).

## LÖGBUNDINN LÍFEYRISALDUR<sup>1</sup> INNAN OECD



1. Við núverandi eftirlaunaaldur er miðað við karlmann sem hefur verið á vinnumarkaði í mörg ár og hóf störf 22 ára. Við framtíðar eftirlaunaaldur er miðað við 22 ára karlmann sem er að koma inn á vinnumarkað núna og þær reglur sem gilda fyrir hann. Heimild: OECD - Pensions at a glance 2019

## ÁÆTLAÐUR FJÖLDI ÁRA Á EFTIRLAUNUM VIÐ UPPHAF LÍFEYRISTÖKU INNAN OECD



Heimild: OECD - Pensions at a glance 2019

# Fundir, ráðstefnur, námskeið og fleira

**Helstu opnir fundir, ráðstefnur og viðburðir sem fram hafa farið á vettvangi LL frá síðasta aðalfundi.**

## 2019

**28. maí:** Aðalfundur LL 2019 í Norðurljóssal Hörpu. Afmælisfagnaður í tilefni 50 ára afmælis skylduaðildar að lífeyrissjóðum á almennum vinnumarkaði tók við að fundi loknum.

**29. maí:** Kynning á lífeyrissjóðakerfinu fyrir Berg, félag stjórnenda, á Akureyri.

**30. maí:** Afmælisfagnaður í Hofi á Akureyri.

**22. ágúst:** Vinnu- og stefnumótunarfundur stjórnar LL í Borgarnesi. Framkvæmdastjórar lífeyrissjóða sátu einnig fundinn.

**4. september:** Kynning á íslenska lífeyrissjóðakerfinu fyrir sendinefnd frá flokki Kristilegra demókrata í Þýskalandi sem voru staddir hér á landi til að kynna sér málefni eldri borgara.

**4. september:** Kynning endurtryggjenda á sameiginlegri ábyrðartryggingu stjórnar og stjórnenda lífeyrissjóða.

**17. september:** Kynning Stapa lífeyrissjóðs á réttindakerfi sjóðsins. Jóna Finndís Jónsdóttir, forstöðumaður réttindasviðs Stapa, fór yfir nýtt réttindakerfi sem sjóðurinn tók upp árið 2016.

**19. september:** Framkvæmdastjóri var leiðbeinandi

á námskeiði Félagsmálaskólans í samstarfi við LL um lífeyrisréttindi, uppbyggingu og samspil.

**24. september:** Framkvæmdastjóri var með framsögu um lífeyrissjóðakerfið á málþingi Félags eldri borgara í Hafnarfirði og Ástjarnarsókn.

**27. september:** Spjallfundur stjórnar LL með framkvæmdastjórum lífeyrissjóða. Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, var gestur fundarins.

**21. október:** Samráðsfundur ASÍ og SA. Framkvæmdastjóri var með innlegg á fundinum og ræddi meðal annars bráðabirgðaákvæði um víxlverkun við greiðslu örorkulífeyris sem hefur verið framlengt frá árinu 2011.

**22. október:** Aukaaðalfundur LL í Guðrúnartúni 1. Harpa Jónsdóttir, nýr framkvæmdastjóri LSR, kom inn í stjórnina í stað Hauks Hafsteinsson sem lét af störfum sem framkvæmdastjóri LSR eftir farsælan feril í áratugi.

**24. október:** Morgunverðarfundur FME um ábyrgar fjárfestingar. Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, flutti framsögu ásamt Eleni Choidas, forstöðumanni evrópskra stefnumála hjá ShareAction samtökunum, og Unni Gunnarsdóttur, forstjóra Fjármálaeftirlitsins.

**29. október:** Framkvæmdastjóri hélt erindi á fundi eldri borgara á höfuðborgarsvæðinu innan Samfylkingarinnar um samspil lífeyrissjóða og TR.

**5. nóvember:** Fundur um strauma og stefnur í fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða. Framsögumenn Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Festu – miðstöðvar um samfélagslega ábyrgð, dr. Lára Jóhannsdóttir, prófessor við HÍ, og Tómas N. Möller, yfirlögfræðingur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

**5. nóvember:** Fulltrúar LL áttu fund með sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þar sem farið var yfir stöðu og horfur í íslensku efnahagslífi.

**21. nóvember:** Fræðsla um lífeyrissjóðakerfið. Félagsmálaskóli alþýðu í samstarfi við LL. Áhættustýring og innra eftirlit. Leiðbeinandi Agni Ásgeirsson, forstöðumaður áhættustýringar hjá LSR.

**28. nóvember:** Afmælistorgunverðarfundur LSR í tilefni 100 ára afmælis sjóðsins.

**4. desember:** Fræðslunefnd LL stóð fyrir hádegisfræðslu sem bar yfirskriftina Eru lífeyrismálin leiðinleg? Hvað er að gerast á vettvangi LL í fræðslumálum og hvað eru lífeyrissjóðirnir að gera?

**5. desember:** Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, flutti erindi á morgunverðarfundum Framís, samtaka framtaksfjórfa.

**10. desember:** Hagfræðistofnun Íslands, LL og SFF héldu málþing í Hátíðarsal HÍ undir yfirskriftinni Lífeyrissjóðir, langtímafjárfestingar og stjórnarhættir. Meðal fyrirlesara var Ólafur

Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu, og tók Kristjana Sigurðardóttir, forstöðumaður eignastýringar hjá Almenna lífeyrissjóðnum, þátt í pallborðsumræðum sem fulltrúi LL.

**12. desember:** Framkvæmdastjóri hélt erindi um það sem efst var á baugi í lífeyrismálum á vinnu- og stefnumótunarfundi Ríkisendurskoðunar.

**19. desember:** Hádegisfræðslufundur. Henný Hinz, deildarstjóri hagdeildar hjá ASÍ, fór yfir samspil greiðslna lífeyrissjóða og almannatrygginga.

## 2020

**14. janúar:** Raket Lind Hauksdóttir kynnti meistara-ritgerð sína „Örorkulífeyrir frá lífeyrissjóðum – reglur og aðferðir við ákvörðun örorkulífeyris“ fyrir réttindanefnd og síðar stjórn LL.

**28. janúar:** Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, tók þátt í pallborði í málstofu sem bar yfirskriftina Misvægi kynja í stjórnunarstöðum á Íslandi. Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands stóð að samkomunni.

**30. janúar:** Fundur stjórnar LL með framkvæmdastjórum lífeyrissjóða.

**18. febrúar:** Stjórn LL bauð framkvæmdastjórum og trúnaðarlæknum á stjórnarfund til að hlýða á kynningu Rakelar Lindar Hauksdóttur á ML ritgerð í lögfræði um gerð örorkumats og greiðslu örorkulífeyris og kynningu Vigdísar Jónsdóttur, framkvæmastjóra Virk, á starfseminni.

**20. febrúar:** Lestur ársreikninga lífeyrissjóða. Námskeið Félagsmálaskóla alþýðu í samstarfi við LL.

**5.–6. mars:** Yfirlitsnámskeið um lífeyriskerfið og

starfsemi lífeyrissjóða. Félagsmálaskóli alþýðu í samstarfi við LL. Leiðbeinendur: Kristján Geir Pétursson og Tómas N. Möller.

**17. mars:** Fundur stjórnar LL með framkvæmdastjórum um stöðu mála á óvissutímum.

**30. apríl:** Tryggingafræðilegt mat. Námskeið Félagsmálaskóla alþýðu, í samstarfi við LL. Leiðbeinandi Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur. Kenni í fjarnámi.

## Mars–maí:

Vegna covid-19 var ráðstefnu sem halda átti 28. apríl með fyrirlesaranum Keith Ambachtsheer frestað um óákveðinn tíma. Allri hádegisfræðslu fræðslunefndar fyrir stjórnir og starfsfólk sjóðanna var frestað og skipulagi frekari viðburða slegið á frest fram til haustsins.



Þéttsetið á stjórnarfundum LL með framkvæmdastjórum og trúnaðarlæknum, 18. febrúar.





# Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða

Lífeyrissjóðir	Hrein eign 31. des. 2018 (millj. kr.)	% af heildareignum				
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	872.778.645	20,6				
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	712.742.267	16,8				
Gildi – lífeyrissjóður	561.217.470	13,2				
Birta lífeyrissjóður	372.352.851	8,8				
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	237.000.836	5,6				
Almennir lífeyrissjóðurinn	229.482.949	5,4				
Stapi lífeyrissjóður	220.706.668	5,2				
Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	216.386.355	5,1				
SL lífeyrissjóður	162.064.900	3,8				
Festa lífeyrissjóður	148.927.509	3,5			TÍU EFSTU	<b>88%</b>
Lífsverk lífeyrissjóður	88.906.579	2,1				
Íslenski lífeyrissjóðurinn	80.401.156	1,9				
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	78.814.689	1,9				
Lífeyrissjóður bankamanna	78.102.879	1,8				
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	53.441.427	1,3			FIMMTÁN EFSTU	<b>97%</b>
Eftirlaunasjóður atvinnuflugmanna EFÍA	37.374.887	0,9				
Lífeyrissjóður bænda	33.981.749	0,8				
Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands	23.759.279	0,6				
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	12.012.612	0,3				
Lífeyrissjóður Rangæinga	12.390.194	0,3				
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	5.973.006	0,1				
	<b>4.238.818.907</b>	<b>100,0</b>				

Heimild: Ársreikningaskrá Fjármálaeftirlitsins

Landssamtök lífeyrissjóða

# Ársreikningur 2019

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð 18. desember 1998. Í árslok 2019 voru aðildarsjóðir 21. Landssamtökum lífeyrissjóða er ætlað að vera málsvari lífeyrissjóða og gæta hagsmuna sjóðfélaga þeirra.

Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2019 er gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur samtakanna árið á undan. Samkvæmt

rekstrarreikningi námu rekstrartekjur 120,0 millj. kr. og tap af rekstrinum var 15,6 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 88,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé í ársbyrjun var 104,0 millj. kr.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning þeirra fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. mars 2020

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða:

Guðrún Hafsteinsdóttir

Arnaldur Loftsson

Jakob Tryggvason

Gylfi Jónasson

Halldóra Káradóttir

Ingibjörg Ólafsdóttir

Erla Jónsdóttir

Valmundur Valmundsson

Harpa Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri

Dórey S. Þórðardóttir



# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og aðildarsjóða Landssamtaka lífeyrissjóða

### ÁRITUN UM ENDURSKOÐUN ÁRSREIKNINGSINS

#### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Landssamtaka lífeyrissjóða („félagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reiknings-skilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2019, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

#### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

#### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggi framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

#### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitungum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

Reykjavík, 24. mars 2020

KPMG ehf.

Sæmundur Valdimarsson

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

#### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

# Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrartekjur</b>			
Árgjöld .....	1b	120.000.000	120.000.000
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	2	73.054.296	68.512.474
Annar rekstrarkostnaður .....	3	65.850.163	49.992.276
		<u>138.904.459</u>	<u>118.504.750</u>
<b>Rekstrarhagnaður (-tap)</b> .....		(18.904.459)	1.495.250
Vaxtatekjur .....		3.333.064	3.788.195
Vaxtagjöld .....		(9.075)	(8.975)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals</b> .....		<u>3.323.989</u>	<u>3.779.220</u>
<b>(Tap) hagnaður ársins</b> .....	5	<u>(15.580.470)</u>	<u>5.274.470</u>



# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Áhættufjármunir:			
Eignarhlutur í félagi .....	4	672.208	672.208
Fastafjármunir samtals		<u>672.208</u>	<u>672.208</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Handbært fé .....		102.883.940	113.585.467
Veltufjármunir samtals		<u>102.883.940</u>	<u>113.585.467</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>103.556.148</u>	<u>114.257.675</u>
<b>Eigið fé</b> .....	5	<u>88.389.843</u>	<u>103.970.313</u>
<b>Skuldir</b>			
Ýmsar skammtímaskuldir .....		15.166.305	10.287.362
<b>Skuldir samtals</b>		<u>15.166.305</u>	<u>10.287.362</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>103.556.148</u>	<u>114.257.675</u>

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	<b>Skýr.</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
(Tap) hagnaður ársins .....	5	(15.580.470)	5.274.470
Veltufé frá rekstri		<u>(15.580.470)</u>	<u>5.274.470</u>
 Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....		4.878.943	(1.807.791)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>4.878.943</u>	<u>(1.807.791)</u>
<b>Handbært fé (til) frá rekstri</b>		<u>(10.701.527)</u>	<u>3.466.679</u>
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé</b> .....		(10.701.527)	3.466.679
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		<u>113.585.467</u>	<u>110.118.788</u>
<b>Handbært fé í árslok</b> .....		<u><u>102.883.940</u></u>	<u><u>113.585.467</u></u>

# Skýringar

## 1. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

a. Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðu-reikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs-reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

### b. Innlausn tekna

Árgjöld aðildarsjóðanna á árinu 2019 taka mið af heildareignum sjóðanna í samtryggingu og séreign samkvæmt ársreikningum þeirra fyrir árið 2017. Fast lágmarksgjald á hvern aðildarsjóð nam 300 þús. kr.

### c. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði.

## 2. LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD

### Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2019	2018
Laun stjórnar og varastjórnar .....	11.832.000	11.186.000
Laun formanna fastanefnda .....	5.420.000	4.632.000
Laun og hlunnindi starfsmanna .....	40.889.728	38.889.668
Laun samtals .....	58.141.728	54.707.668
Launatengd gjöld .....	14.912.568	13.804.806
Laun og launatengd gjöld samtals .....	73.054.296	68.512.474

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf .....	2,2	2,1
---	-----	-----

### Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra, stjórnarmanna og formanna fastanefnda greinast þannig:

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri .....	27.537.732	26.107.104
Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar og samskiptanefndar .....	3.252.000	2.258.000
Þorbjörn Guðmundsson, fyrrv. formaður stjórnar og samskiptanefndar .....	0	1.230.000
Haukur Hafsteinsson, fyrrv. varaformaður .....	1.028.000	1.539.000
Gylfi Jónasson, varaformaður .....	1.406.000	1.026.000



## Skýringar, framhald

### 2. LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD, FRH.

	2019	2018
Erla Jónsdóttir .....	1.084.000	1.026.000
Arnaldur Loftsson .....	1.084.000	1.026.000
Halldóra Káradóttir .....	1.084.000	616.000
Jakob Tryggvason .....	1.084.000	616.000
Valmundur Valmundsson .....	1.084.000	616.000
Ingibjörg Ólafsdóttir .....	1.084.000	440.000
Harpa Jónsdóttir .....	276.000	0
Erla Ósk Ásgeirsdóttir .....	180.000	205.000
Sigurbjörn Sigurbjörnsson .....	138.000	44.000
Hulda Rós Rúriksdóttir .....	132.000	252.000
Harpa Ólafsdóttir .....	0	498.000
Huld Aðalbjarnardóttir .....	0	410.000
Kristbjörg Stephensen .....	0	410.000
Ágústa Gísladóttir, formaður fræðslunefndar .....	1.084.000	1.026.000
Ólafur Sigurðsson, formaður nefndar um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða .....	1.084.000	1.026.000
Þóra Jónsdóttir, formaður réttindanefndar .....	1.084.000	1.026.000
Agni Ásgeirsson, formaður áhættunefndar .....	1.084.000	528.000

## Skýringar, framhald

### 3. ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR

#### Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	2019	2018
Kynningarmál, almannatengsl og auglýsingakostnaður .....	21.023.288	23.858.473
Húsaleiga .....	3.212.380	3.111.508
Annar húsnæðiskostnaður .....	688.791	643.749
Pappír, prentun, ritföng .....	1.354.870	1.334.115
Símakostnaður .....	881.610	279.113
Burðargjöld .....	295.691	161.718
Bækur, blöð, tímarit og fjölmiðlavakt .....	1.219.920	956.036
Aðkeypt þjónusta frá Greiðslustofu lífeyrissjóða .....	6.941.550	6.626.142
Aðkeypt þjónusta endurskoðenda .....	1.004.400	987.071
Aðkeypt þjónusta annarra sérfræðinga .....	2.535.335	555.102
Ferðakostnaður .....	1.399.324	1.568.703
Fundir, ráðstefnur, risna og námskeið .....	8.185.031	7.254.343
Félagsgjöld .....	1.749.862	1.590.931
Viðhald og gjaldfærð áhöld og tæki .....	2.317.657	416.073
Starfsmannakostnaður .....	996.494	544.783
Afmælishátíð .....	12.022.004	0
Annar kostnaður .....	21.956	104.416
Annar rekstrarkostnaður samtals .....	65.850.163	49.992.276

## | Skýringar, framhald

### 4. ÁHÆTTUFJÁRMUNIR

Félagið á 7,5% eignarhlut í Eignarhaldsfélagi lífeyrissjóða hf.

### 5. EIGIÐ FÉ

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2019 .....	24.416.897	79.553.416	103.970.313
Tap ársins .....		(15.580.470)	(15.580.470)
Eigið fé 31.12.2019 .....	24.416.897	63.972.946	88.389.843





# LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA